

EGILL EINARSSON

Eins og búið sé að kveikja upp í arninum

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ARNBJÖRG HÖGNADÓTTIR

Selur notuð og ný barnaföt

Hönnun og heimili

FYLGRIR Í DAG



ARNAR JÓNSSON

Þrír ættliðir í sama hlutverkinu

Leikur brytann Malvólíó í Prettándakvöldi

FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. mars 2009 – 59. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Meiri póker

Davíð Þór Rúnarsson heldur íslenska mótaröð í póker.

FÓLK 20



Hálfrar aldar afmæli

Ladies Circle er alþjóðlegur félagsskapur ungra kvenna frá 18 til 45 ára.

TÍMAMÓT 16



Að kjósa hrunið

„Sá sem kys Sjálfstæðisflokkinn greiðir atkvæði sitt hugmyndafræði sem heimurinn hlær að“, skrifar Guðmundur Andri Thors-son.

Í DAG 12


Blikar í úrslita-keppnina

Breiðablik tryggði sér síðasta sætið í úrslita-keppni Iceland Express-deildar karla í gær.

ÍÞRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



VINDASAMT Í dag verða norðan 8-15 m/s, hvassast NV-lands. Dálftil snjócoma af og til fyrir norðan og austan en bjart með köflum SV-til. Frost víða 0-6 stig en hiti um frostmark við S- og A-ströndina.

VEÐUR 4



HÆTT Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, tilkynnti í gær að hún væri hætt í stjórnmalum, að minnsta kosti að sinni. Ástæðan er heilsubrestur. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segist ekki ætla að bjóða sig fram til formanns þótt mjög sé þrýst á hana af flokksmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Algjör óvissa um formann

Óvíst er hver tekur við formannsembætti Samfylkingarinnar eftir að Ingibjörg Sólrún hættir. Þrýst er á Jóhönnu Sigurðardóttur. Dagur B. Eggertsson og Lúðvík Geirsson eru nefndir sem formannskandídatar.

STJÓRNMÁL Fullkomin óvissa ríkir um hver verður næsti formaður Samfylkingarinnar, eftir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tilkynnti í gær að hún væri hætt stjórnmalapáttöku. Rökrétt er talið að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra axli skyldur formanns og hefur samstarfsfólk hennar rætt þann möguleika við hana að undanförunu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hún aftur er það með öllu og er talið ólíklegt að hún kviki frá þeirri ákvörðun.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra staðfesti einnig að hann sæktist ekki eftir formennsku.

Heimildarmenn Fréttablaðsins segja að mjög sé þrýst á Jóhönnu á bak við tjöldin að taka við embættinu. Sá þrýstingur hafi ekki hafist eftir að Ingibjörg tilkynnti um brothvarf sitt, heldur hafi þessi möguleiki verið ræddur við Jóhönnu undanfarna daga.

Heimildarmenn Fréttablaðsins nefna helst Dag B. Eggertsson

borgarfulltrúa og Lúðvík Geirsson, bæjarstjóra í Hafnarfirði, sem líkleg formannsefni. Dagur segir ekki tímabært að vera með yfirlýsingar. Hann segir rökrétt að Jóhanna taki við formennsku.

Lúðvík segist enga ákvörðun hafa tekið um formannsframboð. „Mér finnst að Jóhanna eigi að axla þá ábyrgð inn í þessa kosningabaráttu. Það er einhugur um hana sem forsætisráðherraefni og því eðlilegt að hún beri líka formannstitilinn.“

Árni Páll Árnason þingmaður hafði lýst yfir framboði til varaformanns Samfylkingarinnar, undir stjórn Ingibjargar Sólrúnar. Hann segir of snemma að svara nokkru um hvort hann hyggist standa við það framboð eða jafnvel stefna á formannsframboð.

Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, hvetur Jóhönnu að taka að sér formannsembættið. Hann íhugar framboð fari hún ekki fram.

- shá, sh, kh / sjá síðu 8

Loðnubrestur þýðir fjárhagslegt áfall fyrir sveitarfélög og fjölskyldur:

Missa stóran hluta árstekna

SJÁVARÚTVEGUR „Það er ekki óalgengt að heimilisfaðirinn sé úti á sjó, konan í vinnslunni og börnin sem komin eru með aldur til þess vinni með skóla. Þetta getur því verið ansi þungt högg fyrir marga og ljóst að fólk verður af stórum hluta af sínum árstekjum við aflabrest eins og þennan,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Flestir viðurkenna nú að loðnuvertíð í vetur er úr sögunni.

Loðnubresturinn þýðir fimm milljarða króna tap fyrir hagkerfi Vestmannaeyja, að sögn Elliða. Á landsbyggðinni eru ellefu sjávarbyggðir sem veiða og vinna

loðnu. Tapið fyrir bæjarsjóðina er gífurlegt. Í tilfelli Vestmannaeyja er tapið á milli 350 og 400 milljónir í útsvarstekjum eingöngu.

Skipulegri leit Hafrannsóknastofnunar að loðnu hefur verið hætt.

Útflutningsverðmæti loðnuafurða hefur verið á bilinu sex til tíu milljarðar á síðustu árum, en 12,5 milljarðar að meðaltali frá 1996. Í fyrra var kvótinn 157 þúsund tonn en aðeins veiddust 15 þúsund tonn í ár. Um rannsóknkvóta var að ræða sem þó mun skila um milljarði.

- shá / sjá síðu 4



Sumarbæklingur Heimsferða er kominn út

www.heimsferdir.is

Kafbátur mánaðarins

BMIT

SUBWAY

6 tommu bátur **349 kr.**

Gildir í mars 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

muundu eftir mjólkinni!

MUU



Jón Trausti, höguðuð þið ykkur eins og englar?

„Já, og við sváfum líka eins og englar.“

Jón Trausti Lúthersson og félagar í vélhjóklúbbnum Fáni héldu innflutningsveislu í Hafnarfirði í gær. Lögreglan var með mikinn viðbúnað þar sem meðlimir Hells Angels á Norðurlöndunum höfðu boðað komu sína en veislan fór að öllu leyti vel fram.

Herdís Þorvaldsdóttir:

Fer í ævintýraferð til Úganda

FÓLK Leikkonan Herdís Þorvaldsdóttir er á leiðinni til Úganda í lok mars ásamt dótturdóttur sinni Sylgju Dögg Sigurjónsdóttur og fjölskyldu hennar.

Hún segir að þetta ferðalag til „perlu Afríku“ verði síðasta ævintýraferðin sín og hlakkar mikið til. „Ég get ekki annað en notað tækifærið þegar ég kemst með svona öruggum og góðum hópi því maður fer ekki mikið einn,“ segir Herdís, sem er 85 ára. Fyrir í Úganda eru Harpa Fönn, systir Sylgju Daggar, og eiginmaður hennar Vignir A. Guðmundsson, sem sinna þar þróunarstarfi. Benedikt, bróðir Sylgju og Hörpu, verður einnig með í för. „Það verður óskaplega gaman að fara með þeim og gaman að öll fjölskyldan skuli hittast,“ segir Herdís.

- fb / sjá síðu 30

Þorgerður Katrín:

Eftirsjá að Ingi- björgu Sólrúnu

STJÓRN MÁL „Að mínu mati er ákveðin eftirsjá að svona sterkum karakter eins og Ingi- björgu Sólrúnu, þótt maður hafi ekki alltaf verið á eitt sáttur, og ég vil þakka henni gott samstarf okkar á milli,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, um væntanlegt brottfarar Ingi- björgu Sólrúnar Gísladóttur úr stjórn- málum.

„Fyrst og fremst þá vil ég óska henni velfarnaðar í sinni baráttu við sín veikindi. Það skiptir mestu að hún nái fullri heilsu,“ segir Þorgerður. „Aðalmálið er að þetta forystufólk sem er núna í sínum veikindum nái sér. Þótt þessi barátta fram að kosningum sé hörð, þá megum við ekki missa sjónar á því sem skiptir máli.“ - sh

Heimspæktur sérfræðingur segir brýnt að sýna hörku í rannsókn efnahagsbrota:

Vill húsleitir hjá auðmönnum

EFNAHAGSMÁL „Eva Joly er afar þekkt alþjóðlegt nafn í baráttunni gegn spillingu. Hún hefur mikla reynslu af rannsókni efnahagsbrota og við verðum að hlusta á hennar ráð,“ segir Ragna Árnadóttir dóms- málaráðherra.

Eva Joly, rannsóknardómari og heimspæktur sérfræðingur í efnahagsbrotum, sagði í viðtali í Silfri Egils í gær að það væri nauðsynlegt að stofna 20 til 30 manna teymi sérhæfðra rannsakenda og erlendra sérfræðinga í alþjóðafjarmálum til að komast til botns í hugsanlegum brotum í tengslum við íslenska bankahrunið. Hún fullyrðir að fara skuli með málið eins og hvert annað



RAGNA ÁRNADÓTTIR Dómsmálaráð- herra segir að hlusta verði á virtan sérfræðing eins og Evu Joly.

sakamál og beita ætti húsleitum og öðrum úrræðum sem eðlileg þættu við rannsókn alvarlegra brota. Kurteisleg viðtöl við auðmenn um framgang þeirra, til dæmis um

hvort þeir hafi komið undan peningum í erlend skattaskjól, gangi einfaldlega ekki.

Ragna segir að Eva hafi bent í viðtalinu á að bankastarfsemi sé alþjóðleg og efnahagsbrot séu það líka. Því þurfi rannsókn hugsanlegra brota í tengslum við banka- hrunið að vera alþjóðleg, þótt hún byrji herna heima. „Eva mun á næstu dögum eiga fund með hinum sérstaka saksóknara, og getur hún vonandi miðlað til hans þeim góðu samböndum, sem hún hefur á alþjóðavettvangi, og gefið honum góð ráð, sem gagnast munu rannsókn sakamála sem upp kunna að koma.“ - sh



HELMINGSFÆKKUN Útlendingar eru um tíu prósent af þeim rúmlega 16.000 sem eru skráðir atvinnulausir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erlendu vinnuafli fækkar um helming

Áætlun Vinnuálastofnunar gerir ráð fyrir að um mitt ár hafi erlendu vinnuafli fækkað um helming milli ára. Forstjóri hefur heyrt örfá dæmi þess að útlendingar kjósi heldur atvinnuleysisbætur á Íslandi en annars staðar.

ATVINNUMÁL „Við áætlum að um mitt þetta ár muni þeim stóra hópi erlends vinnuafli sem hér var í upphafi síðasta árs, nálægt 20.000 manns, hafa fækkað um helming,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar. Af þeim rúmlega 16.000 sem skráðir eru á atvinnuleysisráði nú í byrjun mars eru um tíu prósent útlendingar. Sem fyrr skipar fólk frá Póllandi meginuppistöðu erlends vinnuafli hér á landi.

Að sögn Gissurar hóf að örla á samdrætti í byggingariðnaðinum hér á landi strax í febrúar og mars á síðasta ári. „Útlendingarnir voru auðvitað áberandi fjölmennastir í þeim geira, þannig að þar var lengri aðdragandi en í öðrum atvinnugreinum. Það má segja að þeir sem eftir eru séu þeir sem



GISSUR PÉTURSSON

skotið hafa dýpri rötum en aðrir, hafa kannski fjárfest í íbúð og eiga fjölskyldu, börn í skóla og þess háttar. Og auðvitað er stór hluti þeirra í vinnu,“ segir Gissur. Gissur segist hafa heyrt dæmi þess að útlendingar, sem yfirgáfu landið í aðdraganda eða upphafi efnahagskreppunnar, hafi ákveðið að snúa aftur til Íslands. „Ég hef heyrt af því að fólk treysti sér betur til að lifa af atvinnuleysisbótum hér en annars staðar. Ég hef engar tölur um þetta en gæti trúað að þetta séu örfá til- vik. Ég hef einnig haft spurnir af

því að fólk hafi flust á brott, til dæmis til Póllands, en ekki treyst sér til að setjast þar að og vilji einfaldlega frekar vera hér, reyna að komast aftur í vinnu og harka þetta af sér með okkur hinum.“

Ýmsir hafa rekið augun í að tölur á atvinnuleysisráði eiga það til að breytast svo nemur nokkrum hundruðum milli daga. Að sögn Gissurar helgast það af því að frá 20. til 25. hvers mánaðar þurfi atvinnulausir að staðfesta að þeir séu í atvinnuleit til að haldast inni á skrá. Um hver mánaðamót geti því tala skráðra atvinnulausra dott- ið niður þegar þeir sem ekki hafa staðfest atvinnuleit séu flokkaðir frá. „Talan er ekki alltaf upp á við. Hún getur rokkað upp og niður og það er eðlilegt,“ segir Gissur Pétursson. kjartan@frettabladid.is

Prestur myrtur í Illinois:

Varðist skotum með Biblíunni

BANDARÍKIN, AP Fred Winters, 45 ára gamall prestur, var skotinn niður í miðri guðsþjónustu í bænum Maryville í Illinois í gær.

Presturinn notaði Biblíu sína til að verjast fyrstu fjórum skotunum, en lést eftir að næstu skot hæfðu hann. Kirkjugestir héldu fyrst að skotarásin væri grín- atriði. Biblían tættist í sundur við skotin og sýndist kirkjugestum að skrautræmur þeyttust frá henni.

Byssumaðurinn var snúinn niður af viðstöddum þegar byssan stóð á sér. Bæði árásmáðurinn og tveir kirkjugestir særðust af stungusárum þegar hann var yfirbugaður. - gb

Foreldrar Gilads Schalit:

Tjalda fyrir utan heimili Olmerts

ÍSRAEL, AP Noam og Aviva Schalit, foreldrar ísraelska hermanna- eins Gilad Schalit, hafa tjaldað fyrir utan heimili Ehuds Olmert, sem brátt lætur af embætti for- sætisráðherra Ísraels.



NOAM SCHALIT

Þau ætla að hafast þar við þangað til Olmert lætur af embætti til að þrýsta á um að stjórnin fái son þeirra látinn lausan. Hann hefur verið í gíslingu Palestínumanna á Gasavæðinu síðan í júní árið 2006.

Samningaviðræður hafa staðið yfir milli Ísraelsstjórnar og Hamassamtakanna, með milligöngu Egypta, um að Gilad verði látinn laus í skiptum fyrir hundruð palestínskra fanga. - gb

LÖGREGLUFRETTIR

Hátt í fjörtíu þjófnaðarmál

Innbrotahrina reið yfir höfuðborgar- svæðið um helgina. Frá föstudegi til sunnudags voru skráð 34 þjófnaðar- mál hjá lögreglunni í Reykjavík. Meðal annars var brotist inn í bíla og íbúðir auk þess sem hnúplað var úr verslunum. Að sögn lögreglunnar hefur þjófnaðarmálum fjölgað til muna í ár samanborið við það síðasta.

PÓLLAND

Telur samkomulagið standa

Lech Kaczynski Póllandsforseti sagði í gær sannfærður um að Bandaríkja- menn stæði við samkomulag um að koma upp flugskeytavarnakerfi í landinu. Ef Bandaríkjamenn ætla að hætta við til að bæta samskiptin við Rússa, þá væri það fjandsamlegt gagnvart Póllandi.

Tólf þúsund bandarískir hermenn fara frá Írak í september:

Sjálfsvígisárás kostar 32 lífið

ÍRAK, AP Sjálfsvígisárás kostaði 32 manns lífið í Bagdad í gær, stuttu áður en Bandaríkjamenn skýrðu frá því að 12 þúsund hermenn fari frá landinu í september.

Árásarmaðurinn ók vélhjóli inn í hóp fólks skammt frá lögregluskóla í sjúa-hverfi í Bagdad. Flestir þeirra sem fórust voru ungir lögreglumenn, en hinir voru lögreglumenn. Um 60 manns særðust.

Félagar þeirra sögðust undrandi á því að árásmáðurinn hafi komist inn á þetta svæði, þar sem öryggisgæsla þar þykir mjög ströng. Nokkrum klukkustundum síðar sagði David Perkins, talsmaður Bandaríkjahers, að öryggisástandið hafi lagast mjög í landinu. Hann sagði ofbeldisverk- um hafa fækkað um 90 prósent og ekki hafa verið færri síðan sumarið 2003.

„Við erum þó engan veginn ánægðir með ástandið,“ sagði hann. „Við vitum að Al Kaída, sem hefur skroppið saman bæði að styrk og fjölda, vill engu að síður halda vægi sínu hér í Írak.“

Barack Obama Bandaríkjaforseti skýrði nýlega frá því að um 100 þúsund bandarískir hermenn



HLÚÐ AÐ LÖGREGLUMANNI Einn þeirra sem særðust fær aðhyllningu á sjúkrahúsi í Bagdad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

verði kallaðir heim frá Írak fyrir lok ágúst mánaðar á næsta ári. Eftir það verði 35 til 50 þúsund hermenn í landinu til að aðstoða við þjálfun innlendra lögreglu- og hersveita. - gb

Þú þarft ekki heppni til að vinna!


VIÐ DRÖGUM Á MORGUN UM TUGI MILLJÓNA!

75 ára milljónir á einni miða

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS Fáðu þér miða á www.hhi.is

ÁFRAM ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR

Það er okkur mikill heiður að viðskiptavinir okkar skuli vera þeir ánægðustu á meðal fjármála-fyrirtækja á Íslandi tíunda árið í röð!



Persónuleg og vönduð fjármálaþjónusta hefur skilað sparisjóðunum ánægðustu viðskiptavininum 10 ár í röð eða allt frá því mælingar hófust. Þetta eru ánægjuleg tíðindi fyrir okkur og hvetur okkur til að starfa áfram fyrir þig og þína. Kynntu þér starfsemi sparisjóðanna á www.sparisjodirnir.is

Bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf,
starfsfólk sparisjóðanna




SPARISJÓÐIRNIR
Á ÍSLANDI
– áfram fyrir þig og þína

Sparisjóðirnir á Íslandi samanstanda af Byr sparisjóði, SPRON og öllum öðrum sparisjóðum á landinu.



Tryggjum samkeppni

Við erum einu fjármála-fyrirtækin á Íslandi sem veita alla almenna bankaþjónustu og starfa án atbeina ríkisvaldsins.



Ný framtíðarsýn

Framtíðarsýn sparisjóðanna er að byggja á enn hagkvæmari rekstrareiningum með áherslu á persónulega þjónustu í námunda við þig.




Lærdómur sögunnar

Saga okkar hefur verið samofin sögu Íslensks samfélags í yfir 100 ár. Þessi saga er rétt að hefjast.



Þitt samfélag

Sparisjóðirnir leggja ríka áherslu á stuðning við ýmis samfélagsverkefni og félagastarf.




Allir við sama borð

Forsenda þess að sparisjóðirnir geti áfram veitt samkeppnishæfa þjónustu er að fyllsta jafnræðis sé gætt í aðgerðum stjórnvalda við endurreisn íslenska fjármálakerfisins.



Fyrir Íslendinga

Án Íslendinga værum við ekki til. Sparisjóðirnir hafa alltaf lagt höfuðáherslu á að þjónusta Íslenskt samfélag og munu halda því ótrauðir áfram.



Fjórðungur þjóðarinnar

Fjórðungur þjóðarinnar nýtur ánægjunnar af viðskiptum við sinn sparisjóð og við þjóðum ykkur velkomin í viðskipti.



Áfram
sparisjóðirnir á
sparisjodirnir.is



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,64	113,18
Sterlingspund	160,15	160,93
Evra	142,76	143,56
Dönsk króna	19,159	19,271
Norsk króna	15,955	16,049
Sænsk króna	12,127	12,199
Japanskt jen	1,1647	1,1715

SDR	165,56	166,54
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	186,5852	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Lögreglan var með viðbúnað vegna innflutningsveislu vélhjólaklúbbsins Fáfnis:

Fáfnismenn buðu upp á pepsí og pylsur

LÖGREGLUMÁL „Þetta fór allt mjög vel fram. Þeir voru með pepsí og pylsur og við spiluðum í eina þrjá klukkutíma,“ segir Guðlaugur Falk, gítarleikari rokksveitarinnar Dark Harvest, sem spilaði í innflutningsveislu hjá vélhjólaklúbbum Fáfni á laugardagskvöld. Mikill styr hefur staðið um veisluna en meðlimir úr vélhjólaskammtökunum Hells Angels á Norðurlöndunum höfðu boðað komu sína í hana. Dómsmálaráðherra taldi uppákomuna brjóta allsherjarregluna og þjóðaröryggi Íslands og herti því landamæraeftirlit á Keflavíkflugvelli. Lögreglan var með töluverðan viðbúnað við klúbbhús Fáfnis, sem er yfirlýstur

stuðningsklúbbur Hells Angels. Átján meðlimir Hells Angels voru stöðvaðir við komuna til landsins og sendir aftur til síns heima. Allt fór þó vel fram í veislunni og þegar líða fór á kvöldið dró lögreglan úr viðbúnaðinum. „Þegar það er búið að mínusa áfengið verða engin læti. Það eru bara læti á sveitaböllum og hjá ríka fólkinu. Þessi veisla var hins vegar bara ógeðslega skemmtileg og þeir eru með frábæra aðstöðu þarna,“

segir Guðlaugur gítarleikari, sem hefur meðal annars spilað fyrir Hells Angels í Noregi. „Þetta fólk er með tattú og hefur ákveðna lífsskoðun. Það er bara nákvæmlega eins og það vill vera en er ekki mótað í eitthvað fast form. Við spiluðum í Noregi hjá Hells Angels og þeir stóðu við allt það sem þeir sögðust ætla að gera. Ég hef aldrei séð eða upplifað neitt slæmt hjá þessum mönnum en þetta eru heldur engir kórðrengir,“ segir Guðlaugur. Meðlimir Fáfnis vildu ekki tjá



BEÐIÐ EFTIR ENGLUM Fáfnismenn biðu félagi úr Hells Angels í Leifstöð en þeir fengu ekki að koma inn í landið. Átján félagsmenn voru sendir aftur til síns heima.

sig um málið þar sem þeir eru í fjölmiðlabanni samkvæmt skipun Hells Angels í Noregi. - kh

GUÐLAUGUR FALK Gítarleikarinn var ánægður með innflutningsveisluna.



Könnun Capacent um ESB: Vilja aðildarviðræður við ESB en ekki aðild

KÖNNUN Tæplega 65 prósent Íslendinga eru hlynt því að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið, samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins. Rúm 28 prósent eru andvíg aðildarviðræðum en 7,6 prósent hvorki hlynt né andvíg. Stuðningurinn við viðræður hefur ekki verið meiri í sex ár. Samkvæmt könnuninni eru hins vegar fleiri nú sem segjast andvígir aðild en þeir sem segjast hlyntir aðild að ESB. Rúm 45 prósent segjast andvíg aðild, 39,8 prósent hlynt en 14,8 prósent segjast hvorki vera hlynt né andvíg. Úrtakið 1.350 manns og svarhlutfall 65,2 prósent.

Ísraelskur friðarsinni: Hafnar tilnefningu til Nóbels

ÍSRAEL Mordechai Vanunu, ísraelskur friðarsinni, hefur hafnað tilnefningu til friðarverðlauna Nóbels í ár. Ástæðan er sú að hann getur ekki hugsað sér að vera í hópi með Shimon Peres, forseta Ísraels, sem hlaut friðarverðlaunin ásamt Jasser Arafat og Jitzak Rabin árið 1994. Vanunu hefur nokkrum sinnum verið tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels. Hann sat í átján ár í fangelsi í Ísrael fyrir að hafa leikið upplýsingum um kjarnorkuvopn Ísraels til breskra fjölmiðla árið 1986. Peres er „maðurinn á bak við kjarnorkustefnu Ísraelsríkis,“ segir Vanunu í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í síðustu viku. Hann segir að Peres hafi einnig verið „maðurinn sem lét ræna mér í Rómaborg á Ítalíu“ árið 1986. - gb



FRÁ VESTMANNAEYJAHÖFN Uppsjárskipin liggja sum hver verkefalaus í Eyjum, önnur eru að koma af gulldepluveiðum og eru tekin að huga að kolmunna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Loðnubrestur áfall fyrir sjávarbyggðir

Fiskvinnslufólk missir stóran hluta af árstekjum vegna aflabrests í loðnu. Hafnarsóknastofnunin og útvegsmenn hafa gefið frá sér von um að loðna finnist í veiðanlegu magni. Tekjutapið er gríðarlegt fyrir einstök sveitarfélög.

SJÁVARÚTVEGUR „Loðnubresturinn þýðir fimm milljarða króna tap fyrir hagkerfi Vestmannaeyja. Það kemur ofan á allt annað,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Hafnarsóknastofnunin og útgerðarmenn hafa afskrifað loðnuvertíð í ár. Aflabresturinn er fjárhagslegt áfall fyrir fjölmargar fjölskyldur og sveitarfélög á landsbyggðinni, en ellefu sjávarbyggðir annast veiði og vinnslu á loðnu. „Það vill gjarnan gleymast að tekjur sem koma inn fara til fólksins sem starfar í greininni. Þetta er því mikið högg fyrir fjölskyldurnar hér í Eyjum og víðar í sjávarbyggðunum. Það er ekki óalengt að heimilisfaðirinn sé úti á sjó, konan í vinnslunni og börnin sem komin eru með aldur til þess vinni með skóla. Þetta getur því verið ansi þungt högg fyrir marga

og ljóst að fólk verður af stórum hluta af sínum árstekjum við aflabrest eins og þennan,“ segir Elliði. Útflutningsverðmæti loðnuafurða á síðustu vertíð nam um 1,8 milljörðum hjá Ísfélagi Vestmannaeyja og 1,4 milljörðum króna hjá Vinnslustöðinni í Eyjum. „Í sjávarpláss græða allir þegar vel veidist, útgerðarmenn sem allir aðrir. Tapið fyrir bæjarsjóð vegna loðnunnar er sennilega á milli 350 og 400 milljónir í útsvarstekjum eingöngu. Þessar tekjur eru svo aftur notaðar til að veita grunnþjónustu, sem þarf þá að selja á herra verði eða draga úr.“ Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafnarsóknastofnunar, segir að skipulegrit leit að loðnu hafi verið hætt, þó að stofnunin bregðist við fréttum ef þær berast. Það sé hins vegar

ljóst að líkur á loðnuvertíð séu orðnar að engu, þó að ennþá eigi eftir að afskrifa þann möguleika að vestanganga láti á sér kræla. „En í raun vita allir að líkurnar á að eitthvað gerist eru í raun engar í dag.“ Loðnan er byrjuð að hrygna og Þorsteinn segir að það magn loðnu sem búið sé að mæla eigi að geta gefið ágætan árgang árið 2012. Það séu í raun góðu fréttirnar á móti þeim vonbrigðum sem margir verða fyrir vegna aflabrestsins nú. Útflutningsverðmæti loðnuafurða hefur verið á bilinu sex til tíu milljarðar á síðustu árum, en 12,5 milljarðar að meðaltali frá 1996. Í fyrra var kvótinn 157 þúsund tonn en aðeins veiddust 15 þúsund tonn í ár. Um rannsóknkvóta var að ræða sem þó mun skila um milljarði. svavar@frettabladid.is

Kanada helsta von skólafólks: Sumarvinna í Manitobafylki

ATVINNUMÁL Ásta R. Jóhannesdóttir félagsmálaráðherra hefur rætt þann möguleika við Nancy Allan, ráðherra atvinnu- og innflytjendamála í Manitoba í Kanada, að skólafólk á Íslandi geti fengið sumarvinnu þar í landi. Þær gerðu með sér samkomulag um atvinnu fyrir Íslendinga í Manitoba í vikunni. Ásta segir fordæmið til staðar þar sem Kanada hafi gert slíka samninga við nokkur Evrópulönd. Þessi samvinna hafi gefist ákaflega vel. Með slíku samkomulagi er námsmönnum gert kleift að koma til Kanada og vinna ýmis sumarstörf. Ásta bindur vonir við að þetta geti leyst úr fyrirsjáanlegum vanda í sumar, þar sem mun erfiðara verður fyrir skólafólk að tryggja sér vinnu en verið hefur. - shá

Sviptingar í Simbabwe: Tsvangirai farinn til Botswana

SIMBABVE, AP Morgan Tsvangirai, forsætisráðherra Simbabwe, er farinn frá landinu yfir til Botswana þar sem hann ætlar að leita sér lækninga eftir umferðarslys, sem hann lenti í fyrir helgi. Tsvangirai dvaldist mánuðum saman í Botswana á síðasta ári af ótta við að Robert Mugabe, forseti í Simbabwe, myndi láta ráða sig af dögum. Í síðasta mánuði tók Tsvangirai við embætti forsætisráðherra eftir langvarandi deilur við Mugabe, sem er áfram forseti þrátt fyrir að hafa tapað fyrir Tsvangirai í kosningum á síðasta ári. Eiginkona Tsvangirai lést í bílslysini. - gb



MORGAN TSVANGIRAI

TANAÐUR Í DRASL

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HETTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlækniseimbættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

ÚRKOMUMINNA Á MORGUN Það verður fremur vindasamt á landinu í dag en dregur úr vindi eftir því sem líður á daginn. Á morgun verður hægur vindur fram- og úrkomu- litið fyrir norðan og austan en síðdegis mun hvesa um landið sunnanvert með slyddu eða snjókomu.

Á MORGUN Vaxandi suðaustanátt síðdegis.

MÍÐVIKUDAGUR Hvassast á Vestfjörðum og allra syðst.

HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	5°
Berlín	5°
Billund	6°
Eindhoven	6°
Frankfurt	4°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	4°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	19°
London	9°
Mallorca	15°
New York	10°
Orlando	28°
Ósló	1°
París	9°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

 **TEMPUR** fyrir þessar dýrmætu stundir



Þú átt að elska rúmið þitt

Stillanlegt og þægilegt
Gravity Zero



Tilboð
kr. 690.000,-
Verð áður kr. 837.412,-
Stærð 90x200 cm x2. Fleiri stærðir í boði.

Aeroframe með Tempur heilsudýnu



Tilboð
kr. 312.700,-
Verð áður kr. 390.876,-
Stærð 180x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**Betra
BAK**



Líst þér vel á aðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum?

Já	56,8%
Nei	43,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Sérðu eftir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur úr íslenskum stjórn-málum?
Segðu skoðun þína á Vísir.is

Flugvél sem fórst með ferjuflugmanni undan Íslandi hrapaði vegna ísingar: Hunsaði aðvörun og flaug í dauðann

FLUGMÁL Lítil flugvél sem fórst undan Íslandi með einum manni í febrúar 2008 er talin hafa hrapað í sjóinn vegna ísingar sem flugmaðurinn hunsaði aðvaranir um að hætta væri á. Þetta er niðurstaða bandarískrar rannsóknarnefndar sem skoðaði málið með aðstoð Rannsóknarnefndar flugslysa á Íslandi (RNF). Á vef RNF kemur fram að vélin, sem var af Piper-gerð, fórst um 120 sjómílur suðaustur af Vík í Mýrdal. Flugmaðurinn var að ferja flugvélinna frá Bandaríkjunum til viðskiptavinar í Þýskalandi. RNF segir að samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu sem sá um ferjuflugjóð hafi tveimur flugvélum verið flogið í samfloti til Reykjavíkur, umræddri Piper-flugvél og Cessna-vél. Flugmaður Cessna-vélarinnar hafi haldið ferð sinni áfram frá Íslandi daginn eftir. „Flugmanni Piper-flugvélarinnar hafði verið ráðlagt að fresta brottför þar til ísingarskilyrði væru



PIPER PA 28 Vél sömu gerðar og sú sem fórst suðaustur af Íslandi 21. febrúar í fyrra.

ekki á fyrirhugaðri flugleið. Flugmaður Piper-flugvélarinnar beið í þrjá daga í Reykjavík. Daginn sem slysið átti sér stað tók flugmaðurinn ákvörðun um að fljúga til Wick í Skotlandi. Að því er hermt er lenti flugmaðurinn í ísingu og hreyfill missti afl. Merki barst frá neydarsendi flugvélarinnar. Mikil leit var gerð að flugmanninum og flugvélinni en ekkert fannst,“ segir á vef Rannsóknarnefndar.

Spenna í Kína: Fimmtíu ár frá uppreisn Tíbeta

KÍNA, AP Á þriðjudaginn kemur verða fimmtíu ár liðin frá því að Tíbetar gerðu uppreisn gegn stjórnvöldum í Kína. Af því til-efni hefur straumurinn af bryn-vörðum herbifreiðum og lög-reglurútum legið upp eftir fjallvegnum áleiðis til Tíbet. Kínversk stjórnvöld ætla greinilega að sjá til þess að enginn íbúi í Tíbet telji ráðlegt að efna til aðgerða á tilefni af afmálinu. Á síðasta ári börðu kínversk stjórnvöld niður uppreisn í Tíbet. Síðan þá hafa eins konar herlög verið í gildi í héraðinu.

4. SÆTIÐ **GUÐRÚN INGA**
Í HVERNIG ÞJÓDFÉLAGI VILTU BÚA?
Kíktu við á kosningaskrifstofuna, Laugavegi 96 og segðu mér þína skoðun. Heiðtá könnunni og kleinur. Barnahorn fyrir yngstu kynslóðina.
Hlakka til að sjá þig,
Guðrún Inga Ingólfssdóttir, hagfræðingur

Kosningaskrifstofa Laugavegi 96 · www.gudruninga.is

Láta ekki skotárás eyðileggja friðinn

Jafnt mótmælendur sem kaþólskir á Norður-Írlandi eru staðráðnir í að láta skotárás á breska hermenn ekki eyðileggja friðarsamkomulagið. Tveir hermenn létust og fjórir menn særðust þegar tveir menn vopnaðir rifflum gerðu skotárás á þá.

NORÐUR-ÍRLAND, AP Norður-írskir þingmenn, jafnt kaþólskir sem mótmælendur, sögðust telja fullvíst að klofningshópur úr Írsku lýðveldishernum, IRA, hefði staðið að árásinni á hermenn og pitsusendla fyrir utan Massereene-herstöðina á Norður-Írlandi í fyrrakvöld. „Fámennur hópur illskuþrjóta getur ekki, og mun ekki, grafa undan vilja írsku þjóðarinnar til þess að lifa saman í friði,“ sagði Brian Cowen, forsætisráðherra Írlands. „Fólkið í þessu landi, bæði fyrir norðan og sunnan, hefur algerlega hafnað ofbeldinu.“



LÖGREGLUMÁÐUR FYRIR UTAN MASSAREENE-HERSTÖÐINA Bifreið árásarmannanna fannst yfirgefin í bænum Randalstown skammt frá herstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæði meirihluti mótmælenda og minnihluti kaþólskra á þingi norður-írsku heimastjórnarinnar sögðust staðráðnir í að láta atvik-ið ekki eyðileggja friðarsamkomulagið, sem gert var fyrir rúmum áratug, né heldur að slitna muni upp úr stjórnarsamstarfinu. Gerry Adams, leiðtogi stjórn-málaflokksins Sinn Féin, sem hefur verið tengdur IRA, segir árásarmennina vilja snúa aftur til fortíðar: „Þeir vilja fá breska hermenn aftur út á göturnar,“ sagði hann í yfirlýsingu. Peter Robinson, leiðtogi mótmælenda og forsætisráðherra samsteypustjórnarinnar, hvetur öfgahópa úr röðum mótmælenda til þess að grípa ekki til hefndaraðgerða gegn mótmælendum á Norður-Írlandi. Derek Williamson, yfirmaður í norður-írsku lögreglunni, segir að árásarmennirnir hafi verið tveir. Þeir hafi verið vopnaðir rifflum og skotið úr bifreið á fjóra hermenn sem voru að taka á móti

pitsum frá tveimur pitsusendum á laugardagskvöldið. Að minnsta kosti annar árásarmannanna steig síðan út úr bílnum og skaut aftur á hópinn. „Af því sem við vitum nú er ljóst að hryðjuverkamennirnir ætluðu ekki bara að drepa hermennina, sem voru þarna í gærkvöldi, heldur reyndu þeir líka að drepa þessa tvo pitsusendla. Það segir mér hve vægðarlaus þessi árás var,“ sagði Williamson. Tveir hermennanna létu lífið í árásinni, en hinir tveir særðust ásamt pitsusendum báðum. Hinir látnu voru rúmlega tvítugir og átta að fara til Afganistans

innan skamms. Bifreið árásarmannanna fannst skömmu síðar mannlus í bænum Randalstown, sem er skammt frá herstöðinni. Vopnuð barátta IRA fyrir aðskilnaði Norður-Írlands frá Bretlandi hófst 1970 og stóð í nærri þrjá áratugi. Átökin kostuðu um 3.700 manns lífið. Árið 1997 var samið um vopnahlé og árið 2005 gaf IRA út yfirlýsingu um að ofbeldi yrði ekki framfar beitt af þeirra hálfu. Klofningshópar úr IRA hafa hins vegar verið andvígir friðarsamkomulaginu og ítrekað beitt ofbeldi til að grafa undan því.

SKYLDULESNING.
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FRÉTTABLAÐIÐ

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

NEYTENDUR: Er dýrt í bíó? Fimmtíu kall fyrir digital

DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is
Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Hildur Markúsdóttir vill deila sögu af bíóferð fjölskyldunnar. Hún sá Beverly Hills Chihuahua í Sambíóunum í Álfbakka. „Ég keypti þrjá miða á midi.is, þar kostaði miðinn 950 krónur,“ skrifar hún. „Tveggja ára gamall sonur okkar kom líka með. Samkvæmt skilti í miðasölu er miðaverð fyrir aldurshópinn 0-7 ára 550 kr., en svo var 50 króna álagning því myndin er með Digital gæðum! Já, sæll! Sonur minn á örugglega eftir að gera greinarmun á því hvort myndin er með Digital gæðum eða ekki! Við eigum eftir að hugsa okkur tvisvar um hvort við förum fleiri bíó-



DÝR SMÁHUNDUR Mynd í digital er dýrari en hinar hefðbundnu.

tíma og geta boðið upp á kvikmyndir í bestu gæðum (og þrívídd). Það var ákveðið að kaupa dýrar vélar sem eiga töluverðan tíma eftir til að borga sig upp á þessari hækkun einni. Okkur þótti sanngjarnara að hækka eingöngu á þær myndir þar sem tæknin er nýtt heldur en að hækka á allar myndir. Vissulega fer þetta í taugarnar á fólki en vill það frekar láta hækka á allar myndir? Svo má alveg benda á að þróun bíómiðaverðs er í engu samræmi við verðþróun annarra vöruflokka í landinu og við höfum leitast við að stilla verðinu í hóf eins og hægt er.“

ferðir því miðarnir í bíó kostuðu okkur 3.450 kr.“
Hjá Sambíóunum varð Alfred Ásberg Arnarson framkvæmdastjóri fyrir svörum. Hann segir ástæðuna fyrir digital-aukagjaldinu einfalda. „Það er til að minnka kostnað til langs

GOLFFERÐIN ÞÍN ER Í ÖRUGGUM HÖNDUM!



„Við þökkum það traust sem okkur er sýnt með þessum glæsilegu viðtökum.“

4.-13. apríl
Islantilla - UPPSELT!
El Rompido - UPPSELT!
Matalascañas - UPPSELT!

13.-20. apríl
Islantilla - UPPSELT!
El Rompido - UPPSELT!
Matalascañas - UPPSELT!
Montecastillo - UPPSELT!

20.-29. apríl
Islantilla - UPPSELT!
El Rompido - UPPSELT!
Matalascañas - UPPSELT!
Montecastillo - UPPSELT!



Við bætum við spennandi ferðum.
Þú getur enn komist í glimrandi golf fyrir vorið:

Knightsbrook, Írland

9. til 13. apr. (páskar)
30. apr. til 4. maí

4 nætur og 5 golfdagar á Knightsbrook Golf Resort.
Nýtt 4 stjörnu hótél, skemmtilegur 18 holu völlum.
Verð frá 89.500 kr.* + 50.000 Vildarpunktur
á mann í tvíbýli í 4 nætur
(*almennt verð 119.500 kr.).

Innifalið: Flug, flugvallarskattur, akstur til og frá flugvelli erlendis, ótakmarkað golf, morgun- og kvöldverður og fararstjórn.

San Sebastian, Spánn

29. apr. til 3. maí

„Ég er nýkominn heim frá San Sebastian og er heillaður. Basozabal golfvöllurinn er frábær – það má enginn missa af þessu tækifæri!“
Peter Salmon, fararstjóri fyrir golfhópinn

Þrjú hringir með golfbíl eða rafmagnskerru á 18 holu golfvelli hönnuðum af Olazábal. **Verð: 34.900 kr.**

Valle del Este, Spánn

22. apr. til 2. maí - 10 nætur, 10 golfdagar
25. apr. til 2. maí - 7 nætur, 7 golfdagar
2. til 9. maí - 7 nætur, 7 golfdagar, golfskóli

Valle del Este er virkilega skemmtilegur valkostur fyrir alla kylfinga og er sívinsæll.

Verð frá 134.900 kr.* + 15.000 Vildarpunktur
á mann í tvíbýli í 7 nætur (*almennt verð 144.900 kr.).

Innif.: Flug, flugvallarskattur, flutningur golfsetts (hámark 12 kg), akstur til og frá flugvelli, ótakmarkað golf með kerru, ótakmarkaðir æfingaboltar, morgun- og kvöldverðarhlaðborð og fararstjórn.



VITA er í eigu Icelandair Group og flýgur með Icelandair á vit ævintýrana.

Skráðu þig í netklúbbinn: VITAgolf.is

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir huðnan sem bar tveimur hvítum kiðlingum í Húsdýragarðinum í síðustu viku?

2. Hvaða Íslandsvinur kallar sig Hróa hött heilsunnar?

3. Hvaða stúlka stóð á milli stanganna þegar kvennalandsliðið í knattspyrnu tapaði naumlega fyrir því bandaríska á föstudaginn?

SVÖR Á BLS. 30

Alþjóðleg siglingakeppni verður haldin í fyrsta skipti um Jónsmessuna:

Sigla á skútum umhverfis Grímsey

FJALLABYGGÐ Alþjóðleg siglingakeppni, Iceland Midnight Sun Race, verður haldin 20. júní í sumar þegar sól er á lofti allan sólarhringinn.

Sigt verður frá Siglufirði yfir heimskautsbaug, umhverfis Grímsey og til baka til Siglufjarðar eða samtals 75 sjómílur.

Bæjaryfirvöld í Fjallabyggð ætla að halda siglingakeppnina í samvinnu við Siglingasamband Íslands og verður keppnin sú eina sinnar tegundar á Norður-Atlantshafi.

Sigmar B. Hauksson skotveiðimaður hefur aðstoðað bæjaryfirvöld á Siglufirði við að skipuleggja keppnina og hann segir að siglinga-

mennirnir verði við Grímsey um miðnætti þegar sól sé hæst á lofti.

Siglingamenn sem koma frá meginlandinu sigla í kjölfar víkinganna þegar og ef þeir sigla yfir hafjð. Stysta leiðin frá Skotlandi til Íslands er um 440 sjómílur og frá Reykjavík eru 286 sjómílur til Siglufjarðar. Siglingin til Siglufjarðar þykir stórbrotin.

Keppt verður í þremur flokkum og hafa fjórar til sex skútur þegar skráð sig til leiks. Sigmar segir að skúturnar komi aðallega frá Hollandi og Bretlandi en von sé á fleirum frá Írlandi og Frakklandi fyrir nú utan Íslendinga.


„Þetta er auðvitað talsvert mál

því að siglingamennirnir þurfa að sigla frá meginlandi Evrópu til Íslands og svo norður.

Þetta getur verið allt upp í mánaðartúr því að eitthvað af þessu fólki er að koma hingað til að ferðast um landið og sigla með ströndum landsins en notar tækifærið til að taka þátt í keppninni,“ segir hann. Sigmar segir að þrjú ár taki að vinna svona keppni sess og þá verði skúturnar kannski þrjátíu.

- ghs

SIGLINGALEIÐIN Siglingamennirnir geta siglt frá Skotlandi alla leið til Íslands og tekið svo þátt í keppninni í kringum Grímsey.



Bæjarstjórn Hveragerðis: Hagspekingar standa á gati

SVEITARSTJÓRNIR „Á tímum sem þessum hefur áætlun til þriggja ára lítið gildi enda næsta vonlaust að ætla sveitarfélögum landsins að spá fyrir um efnahagsmál þjóðarinnar næstu þrjú árin þegar helstu efnahagsspekingar þjóðarinnar standa á gati í sömu umræðu,“ segir bæjarstjórn Hveragerðis sem hyggst fresta þriggja ára áætlun til haustsins fallist ríkið á það. „Vonir standa til að árið 2012 hafi hagur vænkast og aðgengi að lánsfé sömuleiðis, þá sé mögulegt að huga að stærri fjárfestingum,“ segir bæjarstjórnin sem kveður nauðsynlegt að hlúa að nærumhverfinu. „Verkefni dagsins í dag er að halda grunnþjónustu bæjarbúa í góðu lagi.“

- gar

Greiðsluafkoma ríkissjóðs: Tekjur dragast hratt saman

FJÁRMÁL Innheimtar tekjur ríkissjóðs í janúar voru 55 milljarðar króna samanborið við 57 milljarða á sama tíma árið 2008. Samdrátturinn er því 3,6 prósent að nafnvirði. Samdrátturinn að raunvirði milli ára hefur aukist hratt síðustu mánuði og er nú 25,3 prósent þegar horft er á fjögurra mánaða meðaltal. Gjöld ríkissjóðs voru 39 milljarðar og varð því sextán milljarða króna afgangur í janúar, samkvæmt fjármálaráðuneytinu.

Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu 61 milljarður í mánuðinum og er frávik þvi um sex milljarðar. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 54 milljörðum og drögust saman um 1,1 prósent og um 18,5 prósent að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags.

- shá

Játar sig sigraða í bili

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hættir í stjórn málum að sinni vegna veikinda. Hún tekur ekki afstöðu til þess hver á að taka við af henni sem formaður flokksins.

STJÓRN MÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefur ákveðið að draga sig í hlé frá stjórn málum um óákveðinn tíma. Hún tilkynnti þetta á fundi á heimili sínu í gær. Hún segir veikindi sín gera það að verkum að hún hafi ekki kraft til að takast á við þau verkefni sem bíða flokksins.

„Á þeirri viku sem liðin er hef ég einfaldlega komist að því að það hefur bara farið út af tankinum og ekkert komið inn á hann í staðinn og að ég hafi einfaldlega ekki þá heilsu og það þrek sem þarf til þess að fara í kosningabaráttu á þessu vori,“ segir Ingibjörg, sem greindist með æxli í höfði í september síðastliðnum og hefur síðan glímt við veikindi. Hún þurfi nú að viðurkenna að veikindin hafi verið meiri en hún hafi sjálf verið tilbúin til að viðurkenna hingað til.

„Núna verð ég bara einfaldlega að játa mig sigraða,“ sagði hún á fundinum.

Ingibjörg tilkynnti nánustu samstarfsmönnum sínum í Samfylkingunni um ákvörðun sína í gær og mun hún hafa komið nokkuð á óvart. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sátu bæði fundinn og sögðust slegin yfir ákvörðuninni. Jóhanna sagðist vona að Ingibjörg næði heilsu sem fyrst og sneri sem fyrst aftur í pólitík.

Aðspurð sagði Ingibjörg það alrangt að hún nyti ekki lengur tilskilins trausts flokksmanna sinna sem formaður og að það hefði haft áhrif á ákvörðunina. Hún vísaði til könnunar sem sýndi hana njóta stuðnings tveggja þriðjunga flokksmanna sem formaður.

Einar Mar Þórðarson stjórnsmálafræðingur telur hins vegar að mótbyr frá samherjum Ingibjargar hafi sannarlega haft áhrif á ákvörðunina. „Ég met það þannig, eins og Ingibjörg segir, að þetta sé fyrst og fremst af heilsufarslegum ástæðum,“ segir hann. Hins vegar hafi margir af virkustu flokks-



HÆTTIR Á KOMANDI LANDSFUNDI „Núna verð ég bara að játa mig sigraða,“ sagði Ingibjörg Sólrún á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

mönnum orðið afar gramir eftir blaðamannafund Ingibjargar og Jóhönnu um síðustu helgi þar sem tilkynnt var um að þær, ásamt Össuri, hyggðust raða sér í þrjú efstu sæti flokksins í Reykjavík. „Ég held að hún hafi fundið það

að hún hafi í rauninni ekki átt nægilega mikinn stuðning hjá lykilmálki í flokknum og þess vegna í ljósi hennar veikinda og þessa andbyrs innan flokksins hafi hún ekki treyst sér til að halda áfram,“ segir Einar. stigur@frettabladid.is

Kúplingar

Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

-5kr.

3 kr. afsláttur af eldsneytisliðum
+ 2 kr. í formi Vildarpunkta Ícelandair

og 15% afsláttur af bílavörum
með Staðgreiðslukorti Olis til 1. maí 2009!

Þú sækir um kortið á www.olis.is, þjónustustöðvum Olis eða í síma 515 1141.

Steingrímur J. um brotthvarf Ingibjargar Sólrúnar:

Breytir engu um stjórnarsamstarfið

STJÓRN MÁL „Mér finnst að við svona aðstæður þurfi fólk fyrst og fremst að hugsa um sig sjálft og fjölskyldu sína. Ég skil ákvörðun Ingibjargar Sólrúnar og óska henni alls hins besta,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, „Þetta eru sviptingar sem setja málin í nýtt ljós en er eitthvað sem Samfylkingin leysir hjá sér.“

Steingrímur segir brotthvarf Ingibjargar Sólrúnar ekki breyta



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

neinu um stjórnarsamstarfið.

„Við erum með góðan forsætisráðherra sem ætlar að halda áfram og við treystum því að þau mál sem stjórnin hefur verið að vinna að verði áfram í góðum farvegi.“

- kh

Guðjón Arnar Kristjánsson:

Erfitt að sitja undir álaginu

STJÓRN MÁL Ég verð nú að segja að þetta kemur á óvart en ég skil þessa ákvörðun ef hún metur heilsu sína svona,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Það er alls ekki óeðlilegt að hún meti ástandið svona enda verður erfitt að sitja undir því álagi sem fylgir þeim vandamálum sem búið er að koma okkur í. Fólk verður að hafa fulla heilsu til að takast á við þau vandamál svo ég er ekkert hissa á því að hún endurmeti stöðu sína. Ég óska henni velfarnaðar í því lífi sem býður hennar.“

- kh

VERÐSPRENGJA!

35% AFSLÁTTUR AF KING KOIL HEILSURÚMUM!

HEILSURÚM

Sökum efnahagsástandsins ákvað Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar, að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil heilsurúmum.

Nú vill Rekkjan gera enn betur og bætir við **10% AUKAAFSLÆTTI**.

Það þýðir **35% AFSLÁTTUR** af öllum King Koil rúmum í Rekkjunni næstu daga.

Komdu og fáðu þér hágæða rúm á einstöku tilboði.

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum vörum í mjúku deild Rekkjunnar.

CASTAWAY

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tíhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

CASTAWAY
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.

KK-TILBOÐ

165

= 5%

AFSLÁTTUR!

KK+REKKJAN

TILBOÐ

143.000 kr.

= 77.000 kr.

AFSLÁTTUR!

AVERY

Queen size (153x203)

Verð 155.000 kr.

KK-TILBOÐ

140.250 kr.

= 50 kr.

AFSLÁTTUR!

KK+REKKJAN

TILBOÐ

100.750 kr.

= 54.250 kr.

AFSLÁTTUR!

AVERY

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Studningur við bak
- Tíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

ADVENTURE

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstjöfnunarsvampi og latexi sem skorid er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

ADVENTURE
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.

KK-TILBOÐ

227

= 7%

AFSLÁTTUR!

KK+REKKJAN

TILBOÐ

197.535 kr.

= 106.365 kr.

AFSLÁTTUR!

FERMINGARTILBOÐ

30% AFSLÁTTUR!

Comfort Zone rúmin aðlaga sig á ótrúlegan hátt að líkamanum, hafa einstaka þyngdardreifingu og veita slökun sem er á fárra færi.

COMFORT ZONE
(120x200)
Verð 132.900 kr.

FERMINGARTILBOÐ
93.030 kr.

COMFORT ZONE
(97x200)
Verð 116.900 kr.

FERMINGARTILBOÐ
81.830 kr.

COMFORT ZONE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Þrýstjöfnunarsvampiur í svefnsvæði

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

rekkjan

H E I L S U R Ú M

Konurnar í aðalhlutverkum

Konum gekk afar vel í mörgum prófkjara helgarinnar. Vísir að endurnýjun, segir stjórnmálafræðingur.



AÐDÁANDI FÆR BLESSUN Dalai Lama, andlegur og veraldlegur leiðtogi Tíbetbúa, blessar aðdáanda sinn í Nýju Delfi á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VÍKURFJARA Hratt hefur gengið á Víkurfjörum undanfarnin ár.

Sveitarstjórnin í Mýrdal:

Ítrekar nauðsyn sjóvarnagarðs

UMHVERFISMÁL Sveitarstjórn Mýrdalshrepps ítrekar að brýnt sé að hefja framkvæmdir við sjóvarnir við Vík eins fljótt og kostur sé. Æskilegt sé að sjóvarnirnar verði fjær byggðinni en Siglingastofnun áformar. „Landgræðslustjóri hefur í minnisblaði ítrekað að of lítið svigrúm sé til sandfoksvarna og að brýnt sé að koma ölduvörn með grjótkápu á rofbakkann hið fyrsta,“ segir í bókun sveitarstjórnarinnar sem telur að við hönnun sjóvarnanna hafi lítt verið hugað að útivistargildi Víkurfjörum sem yfir hundrað þúsund manns heimsæki á árlega. - gar

STJÓRNMÁL Konur skipa sjö af tíu efstu sætum Vinstri grænna í Reykjavíkurborgardæmunum. Þá hlutu kvenkyns frambjóðendur stuðning í fimm efstu sæti Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi. Hlutskipti kvenna er það athyglisverðasta við prófkjörshrinu helgarinnar, að mati Einars Mars Þórðarsonar stjórnmálafræðings.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi munu leiða lista Vinstri grænna í Reykjavík. Siv Friðleifsdóttir varð hlutskörpust frambjóðenda Framsóknarflokksins í suðvestri og Helga Sigrún Harðardóttir hafnaði í öðru sæti. Þar þurfti ákvæði um kynjakvóta til að koma körlum í efstu fimm sætin.

Einar Mar segir einnig athyglisvert að forystumönnum á borð við Björgvin G. Sigurðsson, Kristján Möller og Siv hafi verið lítt ógnað. Hins vegar hafi nokkrir sitjandi þingmenn fengið skell. Helst beri þar að nefna Einar Má Sigurðsson hjá Samfylkingu í norðaustri, sem ekki kemst á blað, og Karl V. Matthíasson, sem hafnaði í fimmta sæti hjá Samfylkingunni í norðvestri. Og Einar nefnir einnig Kolbrúnu Halldórsdóttur umhverfisráðherra og þingmanninn Álfheiði Ingadóttur, sem báðar sóttust eftir 1. til 2. sæti á listum Vinstri grænna í Reykjavík, en höfnuðu í þriðja sæti hvor á sínum listanum. „Það er alls ekki víst að þær nái inn á þing,“ segir hann.

„Þessi prófkjör sem við höfum séð núna eru vísir að því að það verði kannski einhver endurnýjun,“ segir Einar Mar, en bendir þó á að fram undan sé önnur mikil prófkjörshelgi þar sem sjálfstæðismenn velja sér fulltrúa, sem og Samfylkingin í Reykjavík.

stigur@frettabladid.is

NIÐURSTÖÐUR

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Reykjavík norður (uppstilling):
1. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
2. Ásta Rut Jónasdóttir
3. Þórir Ingbórsson

Reykjavík suður (uppstilling):

1. Vigdís Hauksdóttir
2. Guðrún Valdemarsdóttir
3. Salvör Gissuraróttir

Suðurlkjördæmi (póstkosning):

1. Sigurður Ingi Jóhannsson
2. Eygló Þóra Harðardóttir
3. Birgir Þórarinnsson

Suðvesturkjördæmi (prófkjör):

1. Siv Friðleifsdóttir
2. Helga Sigrún Harðardóttir
3. Gestur Valgarðsson

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

Suðurlkjördæmi (uppstilling):
1. Grétar Mar Jónsson
2. Georg Eiður Arnarsson

Suðvesturkjördæmi (uppstilling):

1. Kolbrún Stefánsdóttir
2. Helgi Helgason

SAMFYLKINGIN

Norðvesturkjördæmi (prófkjör):

1. Guðbjartur Hannesson
2. Ólína Þorvarðardóttir
3. Arna Lára Jónsdóttir

Norðausturkjördæmi (prófkjör):

1. Kristján L. Möller
2. Sigmundur Ernir Rúnarsson
3. Jónína Rós Guðmundsdóttir

Suðurlkjördæmi (prófkjör):

1. Björgvin G. Sigurðsson
2. Oddný Guðbjörg Harðardóttir
3. Róbert Marshall

VINSTRI GRÆN

Reykjavík (forval):

1. Katrín Jakobsdóttir
2. Svandís Svavarsdóttir
3. Lilja Mósesdóttir
4. Árni Þór Sigurðsson
5. Álfheiði Ingadóttir
6. Kolbrún Halldórsdóttir
7. Ari Matthíasson
8. Auður Lilja Erlingsdóttir

Suðurlkjördæmi (forval):

1. Atli Gíslason
2. Arndís Soffía Sigurðardóttir
3. Bergur Sigurðsson



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

SVANDÍS
SVAVARSDÓTTIR

HELGA SIGRÚN HARÐARDÓTTIR

ÓLÍNA ÞOR-
VARÐARDÓTTIR

KATRÍN
JAKOBSDÓTTIR

Sex vinir óháð kerfi

er liður í aðgerðaáætlun Símans fyrir fólkið og fyrirtækin!

Sparisjóður Suður-Pingeyinga gerir það gott í kreppunni:

Tvöfaldar efnahagsreikning sinn

VIÐSKIPTI Viðskiptavinum Sparisjóðs Suður-Pingeyinga hefur fjölgað um fimm hundruð á síðustu mánuðum að sögn Guðmundar E. Lárussonar sparisjóðsstjóra og efnahagsreikningur hans nánast tvöfaldast frá síðasta ári. Í kjölfar bankahrunsins streymdu nýir viðskiptavinir í bankann og var um tíma einn starfsmaður eingöngu með þann starfa að skrá þá inn.

Að sögn Guðmundar heldur sá strumur áfram. „Fyrst var fólk að flýja þessa svokölluðu ríkisbanka,“ segir hann. „Nú er það ekki endilega að koma hingað til að verja innstæður sínar heldur er það einfaldlega búið að fá nóg af þeim og vill koma í sparissjóðinn þar sem það fær persónulegri þjónustu. Enda er þetta líklegast tíunda árið í röð sem sparissjóðirnir eru efst á lista fjármálafyrirtækja samkvæmt hinni íslensku ánægjuvog sem mælir ánægju viðskiptavina.“



FRÁ HÚSAVÍK Eitt af fjórum útibúum Sparisjóðs Suður-Pingeyinga er á Húsavík en aðalstöðvarnar eru á Laugum í Reykjadal. Bankanum vex fiskur um hrygg í kreppunni.

Hann segir bankann vera í góðum málum miðað við það sem er að gerast í íslensku fjármálalífi. „Það segir nú kannski sína sögu að við fáum sennilega ekki styrk frá ríkinu, við stöndum of vel til þess.“

-jse

Tollgæslan hefur haft í nógu að snúast á síðustu árum:

Hátt í tvö hundruð kílóum af ólöglegum lyfjum fargað

LYFJAMÁL Tæpum 160 kílóum af ólöglegum lyfjum var fargað hjá Tollinum í Reykjavík á tveimur síðastliðnum árum. Þessi lyf voru tekin í nær 2000 sendingum.

„Á árinu 2007 voru 1.018 lyfjasendingar settar í bann hjá tollgæslunni í Reykjavík,“ segir Guðmundur Jónasson, tollvörður hjá Tollstjóra. „Á því ári var 98 kílóum af slíkum lyfjum fargað. Á síðasta ári voru 906 lyfjasendingar settar í bann og tæpum 60 kílóum fargað.“

Fréttablaðið greindi frá ótta heilbrigðisfyrvalda við sívaxandi, ólöglega verslun með lyf á netinu. Lyf, keypt með þeim hætti, geti stefnt lífi fólks í vöð.

Guðmundur segir að þær send-

ingar sem eru settar í bann séu ekki í merktum lyfjaumbúðum.

„Það hafa komið alls konar töflur sem eru í ómerktum umbúðum,“ segir Guðmundur. „Lyfjaeftirlitið tekur slíkar sendingar og veitir okkur upplýsingar um innihaldið. Þeim er svo eytt.“

Hann segir að bæði sé um að ræða lyf og fæðubótarefni með ólöglegu innihaldi. Líklegast sé að megnið af því sem tollgæslan tekur keypt á netinu þótt engin staðfesting liggja fyrir á því.

-jss



ÓLÖGLEG LYF Ómerktum pillum er fargað.

www.jongunnarsson.is



Opinn fundur um málefni eldri borgara mánudaginn 9. mars á milli kl. 17-19 á kosningaskrifstofu Jóns í húsi Kraftvéla að Dalvegi 6 í Kópavogi.

Eldri kjósendur

Málefni eldri borgara voru áberandi í kosningabaráttunni fyrir 2 árum. Förum yfir stöðuna og helstu áherslumálin sem til umræðu hafa verið eftir breytingar í íslensku samfélagi á undanförunum mánuðum. Jón hefur starfað með málefnanefnd Sjálfstæðisflokksins um málefni eldri borgara og er stjórnarmaður í Sunnuhlíðarsamtökunum í Kópavogi.

Gestir fundarins verða:

Valgerður Sigurðardóttir, formaður málefnanefndar Sjálfstæðisflokksins um málefni eldri borgara og Hildur Hálfðanardóttir, fulltrúi í sömu nefnd og stjórnarmaður í Sunnuhlíðarsamtökunum í Kópavogi.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti, allir velkomnir.

3.
sæti

Jón Gunnarsson
Alþingismaður

Tryggjum Jóni Gunnarssyni 3. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í suðvesturkjördæmi 14. mars nk.

Veldu þína leið og byrjaðu að spara!

Lægsta mínútuverðið 11,90 kr.

- Lægsta mínútuverð í GSM á Íslandi, 11,90 kr. óháð kerfi
- Einn GSM vinur innan kerfis.
- Hentar þeim sem tala jafnan lengi í hverju símtali.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

Sex vinir óháð kerfi

- Veldu þér sex GSM vini í hvaða kerfi sem er.
- Þetta er leiðin fyrir þá sem hringja mest í sama fólkið aftur og aftur.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

Núll í alla heimasíma

- Ekkert mínútuverð úr GSM í alla heimasíma á Íslandi.
- Þrjú GSM vini innan kerfis.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

Hringdu núna í síma
800 7000
og veldu þína leið!

Pitt val • Það er **Síminn**

Fundahöld félagasamtaka í atvinnulífnum halda áfram. Horft er til framtíðar og lausna.

Ákvarðana er enn beðið

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Fyrir helgi fjölluðu Samtök iðnaðarins um þá stöðu sem hér er komin upp í hagkerfinu og leiðir til úrlausnar á árvissu Iðnþingi sínu. Þar kom meðal annars fram í máli manna að Evrópusambandið væri ekki valkostur, heldur nauðsyn. Undir lok þessarar vikur er önnur árviss samkoma af svipuðum meiddi, en þá blæs Viðskiptaráð Íslands til Viðskiptaþings 2009.

Viðskiptaráð hefur ekki verið jafnafráttarlaust í afstöðu sinni til Evrópusambandsaðildar og krónunnar og Samtök iðnaðarins hafa verið.

Í fyrri var yfirskrift Viðskiptaþings „Íslenska krónan, byrði eða blóraböggull?“ og gefin út skýrsla með sömu yfirskrift. Niðurstaðan þar var sú að ætíð að halda hér sjálfstæðri mynt yrði ávinningur sjálfstæðrar peningastefnu að vega þyngra en fórnarkostnaður hennar. Nú liggur fyrir að fjármálakerfi þjóðarinnar hefur verið fórnad og ljóst að krónan verður seint uppspretta stöðugleika í hagkerfinu.

Í skýrslunni var um leið velt upp að aukinn efnahagslegur stöðugleiki væri grundvallarforsenda þess að hægt yrði að halda krónunni. „Frá upptöku verðbólgaþröskuls má að mestu rekja ójafnvægið sem ríkt hefur í hagkerfinu til ákvarðana og umsvifa hins opinbera. Á sama tíma og ráðist hefur verið í fjölmörg hagvaxtarhvetjandi verkefni hefur hið opinbera ekki dregið seglin saman sem skyldi. Það má því segja að vandamálið sé tvíþætt. Annars vegar skortir stjórnvöld skilning eða vilja til að tímasetja hagvaxtarhvetjandi verkefni með skynsamlegum hætti. Hins vegar hafa almenn umsvif hins opinbera frekar verið sveifluhvetjandi en jafnandi,“ segir þar.

Forvitnilegt verður að sjá hvaða pól samtökin taka í hæðina hvað varðar framtíðarskipan peningamála hér. Að þessu sinni er yfirskrift Viðskiptaþings „Endurreisn hagkerfisins“. Í pallborðsumræðum verða formenn stjórnmalaflokkanna og geta þá væntanlega svarað því hvaða stefnu þeir vilja taka í peningamálum, hvort krónunni verði haldið til langframa. Þá kunna þeir ef til vill að skýra þann drátt sem orðinn er á stefnumörkun í mikilvægum málum sem taka þarf á til að mögulegt verði að byggja hér trúverðugt fjármálakerfi á rústum þess fallna.

Fyrirverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins upplýsti í viðtali í Markaðnum í síðustu viku að strax í nóvember hefðu legið fyrir margir þeirra málaflokka sem taka þyrfti afstöðu til áður en næstu skref yrðu hér stigin í endurreisninni. Þá hafi orðið vatnaskil í uppbyggingarstarfi þegar stjórnmalamenn tóku að ýta undir ómarkvissa orðræðu í samfélaginu og leit að sökudólgum hér innanlands, þegar öllum mátti samt ljóst vera af hverju bankarnir féllu. Ef raunin er sú að barnalegt karp, ótti við að axla ábyrgð á mistökum fortíðar og fælni til að taka ákvarðanir háir svo mjög þeim hópi fólks sem hér hefur verið valinn til að stýra landinu þá er alveg ljóst að kosningar hér hefðu ekki mátt vera mikið seinna á ferðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorstein Pálsson thorstein@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

www.ellingsen.is

COLUMBIA-DAGAR

5.–14. mars

35–50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM COLUMBIA FATNAÐI

Columbia SportsWear Company

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

FRÁ DEGI TIL DAGS

Allt VG að kenna

Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, fullyrðir á vefsíðu sinni að Vinstri græn hafi staðið á bak við Búsáaldabýltinguna við Alþingishúsið í janúar og heggur þar í sama blóðuga knérinn og félagi hans Sturla Böðvarsson, fyrrverandi þingforseti. „Engum gat blandast hugur um, að vinstri-græn stóðu að baki mótmælum, sem eftir var til við Alþingishúsið og annars staðar.“ Í augum Björns blasa við hin sáraeinföldu rök: Úr því að Vinstri græningar lýstu sumir hverjir velpóknun á aðgerðum mótmælendanna, og að mótmælendur hljóðnuðu að mestu þegar á þá var hlustað og ný



ríkisstjórn var mynduð með þátttöku Vinstri grænna, þá hljóti flokkurinn að standa að baki öllu saman.

Samsæri án sannana

Ávirðingar Björns og Sturlu eru alvarlegar í ljósi þess að þeir hafa tjáð sig fjálglega um það að mótmælin hafi verið ófæðisfull árás á löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Það saka þeir samstarfsflokk á Alþingi um að hafa skipulagt. Enn hafa þeir félagar þó ekki fært fram neinar sönnur fyrir þessari samsæriskenningu sinni. Ætla mætti að menn sem gegnt hafa svo ábyrgðarmiklum embættum skyldu átta sig gjörlla á því að orðum fylgir ábyrgð. Hljóta þeir ekki að kalla eftir opinberri rannsókn á málinu?

Andskotum Guðjóns fjölga

Þótt líklega sé erfitt verk að hreyfa við Guðjóni Arnari Kristjánssyni úr leiðtogaátt Frjálslynda flokksins hefur Guðni nokkur Halldórsson ákveðið að láta á það reyna. Nú heyrir því fleygt að Guðni standi ekki einn í baráttunni heldur njóti hann stuðnings Sigurjóns Þórðarsonar, fyrrverandi þingmanns, og Sigurðar Þórðarsonar bróður hans. Bræðurnir munu nú róa að því öllum árum að fylkja þeim að baki Guðna sem hafa yfirgefið flokkinn sökum óánægju upp á síðkastið.



Að kjósa hrunið

Kannanir segja okkur að Sjálfstæðisflokkurinn hafi nú um það bil 30% fylgi landsmanna, og virðist ýmist stærsti flokkurinn eða sá næst stærsti. Þetta er vissulega við neðri mörk fylgis þessa flokks sem yfirleitt hefur verið nær fjórutíu prósentunum, en eins og háttar er maður samt hálf hvumsa yfir öllu þessu fylgi. Jafnvel þótt það sé dyggð að bera virðingu fyrir skoðunum annars fólks og rétt að muna að allir hafa sínar ástæður fyrir því hvornig þeir kjósa að verja atkvæði sínu þá verður ekki hjá því komist að minna á að Sjálfstæðisflokkurinn er í raun og veru sjálfur hrunflokkurinn.

Eins og málið lítur út þá er hver sá sem kys að greiða Sjálfstæðisflokknum atkvæði sitt í raun og veru að greiða hruninu atkvæði sitt. Hver sá sem kys Sjálfstæðisflokkinn er þar með að segja: Ég tel að rétt hafi verið að málum staðið hér á landi í uppbyggingu efnahagslífsins fram að hruninu. Og sá sem setur x við D í komandi kosningum segir þar með: Ég tel að rétt hafi verið brugðist við í hruninu.

Með því að velja Sjálfstæðisflokkinn velur maður jafnframt Davíð Oddsson sem – tja – biskup? Árna Matthiesen... hvað skyldi hann langa í? Sem útvarpsstjóra? Geir Haarde velur maður sem seðlabankastjóra. Björn Bjarnason sem hæstaréttardómara. Maður velur Baldur Guðlaugsson sem komandi yfirmann Fjármálaeftirlitsins...

Maður velur mennina sem gerðu Jón Steinar að hæstaréttardómara. Og svo framvegis. Því þegar maður velur Sjálfstæðisflokkinn velur maður Flokkinn. Frændhygli hans, vinhygli og flokkshygli. Klíku-ræði hans, bekkjarbræðra-ræði og ætta-ræði. Fyrirlitningu hans á faglegum aðferðum við ákvarðanir og



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Sjálfstæðisflokkurinn

mannaráðningar. Geðþótta-ákvarðanir sem eiga sér upphaf og endi og allar forsendur innan Flokksins.

Í eðlilegu árferði myndist manni þrjátíu prósentu fylgi þessa flokks ekki skrytið. Sjálfstæðisflokkurinn er í mörgu tilliti okkar þjóðarflokkur eins og tíðkast í Afríku, varð til upp úr sjálfstæðisbaráttunni og var um árabíl vettvangur fyrir ólík öfl samfélagsins sem þar tókust á en stóðu saman um sameiginlega hagsmuni: peninga og völd. Hann er sjálfur Kerfisflokkurinn, þar sem fólk hefur verið ráðið til starfa hjá ríkinu unnvörpum um árabíl út frá tengslum sínum við hann. Áhrif hans smjúga um allt samfélagið. Hann er flokkur hins ríkjandi ástands. Viljum við ríkjandi ástand?

Með því að kjósa Sjálfstæðisflokkinn hefur fólk fundist sem það sé í einhverjum skilningi að kjósa líf sitt eins og það sé. Það sé að kjósa bílinn sinn og húsið, garðinn í kring, foreldra sína og börn, vini og eftirlætisstaði – það sé að kjósa götuna sína og landið sitt. Gott ef ekki Esjuna og sólskinið. Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið að sér að mynda umgjörðina um líf fólksins og hugmyndafræðina sem að baki því býr: þessa sérstöku íslensku blöndu af einstaklingshyggju og félagshyggju þar sem hver einstaklingur áskilur sér fullan rétt til að vera alveg eins og allir hinir. Og leggja hart að sér til að svo geti orðið.

Það að kjósa Sjálfstæðisflokkinn hefur verið fyrir drjúgum hluta landsmanna ekki ólíkt því að láta ferma sig. Bara nokkuð sem maður gerir án þess að hugsa frekar út í það – nokkuð sem allir gera – nokkuð sem allir gera sem eru eins og maður sjálfur. Sjálfstæðisflokkurinn er hið tryggja, vissan.

En því miður: þetta er bara ekki þannig. Ekki lengur. Sjálfstæðisflokkurinn reyndist hið ótrygga, hann er óvissan sjálf. Hann er glundroðinn. Hann er hið óábyrga afl í þjóðlífinu sem vill að við byrjum fjörið aftur.

Þegar maður kys Sjálfstæðisflokkinn er maður að kjósa kvóta-kerfið og óheft sukkið. Ættlausu götustrákarnir í Baugi og Kaupþingi eru Frankenstein-skrímsli sem Sjálfstæðisflokkurinn sendi út í heiminn; niðurstaðan af stefnu hans, ófga-kapítalismanum.

Forsenda útrásarinnar var það algjöra frjálsræði í viðskiptum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur alla tíð talið grundvallaratriði í stefnu sinni, og varð til þess að hvorki Seðlabankinn í valdatíð Davíðs né Fjármálaeftirlitið beittu tækjum sínum til að hefta ofurvöxt íslensku bankanna. Og íslenskt oflæti. Íslenski draumurinn.

Nýleg grein um íslenska drauminn í Vanity Fair er á margra vörum. Þar er að vísu ýmislegt vitlaust – eins og til dæmis að hneykslunarefni sé að íslensk skólalöbri þekki ekki málara 19. aldar, eða klíjan um að við séum öll skyld og þekkjumst öll (hver er Stefan Alson?) eða að Björk og aðrar listir séu afurð kvótakerfisins. En margt annað er skarplegt og flott í listavel skrifadri grein, og meginniðurstaðan eflaust rétt: hér hefur orðið gjaldþrot ríkjandi hugmyndafræði.

Sá sem kys Sjálfstæðisflokkinn greiðir atkvæði sitt hugmyndafræði sem heimurinn hlær að.

„Íslenska ákvæðið“ er efnahagsmál

UMRÆÐAN

Illugi Gunnarsson skrifar um Kyoto-bókunina

Meirihluti þingmanna er að baki þingsályktunar- tillögu um að ríkisstjórninni sé falið að tryggja að efni og tilgangur „íslenska ákvæðisins“ í Kyoto-bókuninni haldi gildi sínu. Íslenska ákvæðið er reyndar ekki eitthvað séríslenskt ákvæði. Þetta er almennt ákvæði sem snýr að smárikjum sem nota við iðnframleiðslu hreina orku og nýjustu tækni í mengunarvörnum. Ákvæðið er í samræmi við það markmið að draga úr hlýnun jarðar, loftslagsvandinn er hnattrænn og þá á að framleiða þar sem minnst mengun verður. En það er víðeigandi að ákvæðið sé nefnt „íslenska ákvæðið“ því við Íslendingar fengum það samþykkt og öðrum þræði er ákvæðið viðurkenning á þeim árangri sem við höfum náð í umhverfismálum.

Allir eru sammála um að yfirráð okkar yfir náttúruauðlindum landsins er grunnur þess að hér sé hægt að byggja upp blómlegt samfélag. Íslenska ákvæðið rýmkar möguleika okkar til að nýta orkuna

í iðrum jarðar og afluð í fallvötnunum til þess að skapa störf og velmegun. Ef niðurstaða Kaupmannahafanarfundarins í desember verður sú að skerða mjög möguleika okkar á því að nýta orkulindirnar okkar þá er í raun verið að skerða forræði okkar yfir þessum mikilvægu náttúruauðlindum. Slík niðurstaða væri mjög vond fyrir íslenskt efnahagslíf og hún væri líka vond fyrir baráttuna gegn of mikilli hlýnun jarðar.

Það er áhugavert að bera saman stöðu Norðmanna og okkar Íslendinga í þessu samhengi. Norðmenn eru olíufjóð og olíulindirnar skapa þeim gróðarlegan auð. Þeir dæla upp olíunni eins og þeir vilja og selja til annarra landa. Mikil mengun fylgir olíunni en sú mengun dregst frá mengunarkvóta þess ríkis sem nýtir olíuna. Með öðrum orðum, loftslagssáttmálarnir gera ráð fyrir því að olíuríki eins og Noregur geti fullnýtt sína auðlind án takmarkana, en við Íslendingar verðum sett í skrufu vegna þess að okkar orkulindir eru staðbundnar og nýting orkunnar þar með einnig. Íslenska ákvæðið er m.a. tilraun til að leiðrétta þessa skekkju.

Höfundur er alþingismaður.

IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR



Ein besta heilsudýna í heimi

ÍSLENSK HÖNNUN



iq-care.com

MARS-TILBOÐ



IQ-CARE

King

Áður 269.900

Nú 199.900

Cal. King

Áður 269.900

Nú 189.900

Queen

Áður 189.900

Nú 149.900



Sá nýjasti og besti frá Leggett

2x90 x 200 cm. Áður 684.900

Nú 499.000

FERINGARTILBOÐ

Beauty Sleep

TwinXL 97x203 cm kr. 59.900

120x200 cm frá kr. 69.900

IQ-CARE

100X200 cm kr. 99.900



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

2x80x200 cm. Áður 384.900

Nú 279.900



30% afsláttur

af fylgihlutum við dýnukaup



20-50% afsláttur

af völdum vörum



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Hanga blankur heilt sumar

UMRÆÐAN

Bjarni Þorsteinsson skrifar um unglunga

Eftir tæpa þrjá mánuði – um það leyti sem sauðburður stendur yfir í sveitum landsins og húsdýragörðum – hellast tæplega 20.000 unglingar út á vinnumarkaðinn. Um 40.000 vinnufúsar hendur, kannski ekki allar vinnufúsar fram í fingurgóma, en allar vilja þær komast í peninga. En unga fólkið vill ekki bara peninga, það vill líka fá að taka þátt í samfélaginu eins og fullorðnir; skapa og æfa vinnusjálfið sitt, kynnast nýju fólki og strita í stöðinu á hinum mjög svo umtalaða vinnumarkaði. Margt bendir þó



BJARNI ÞORSTEINSSON

atvinnulífi eru menn enn að skera niður í gríð og erg og virðast ekki sjá til sólar; uppsagnir, launalækk-anir og stytting vinnutíma eru daglegar fréttir. Astandið virðist ekki vera mikið betra hjá sveitarfélögum og ríki – þar er allur óþarfi skorinn burt og gott betur. Og enda-

laust hagrætt. Þetta lítur satt að segja ekki vel út fyrir unga fólkið. Ef gert er ráð fyrir að um helmingur fái ekki vinnu næsta sumar, sem verður að teljast bjartsýni miðað við hvernig nánasta framtíð virðist líta út, jafngildir það atvinnuleysi um 2.500 manna á ársgrundvelli. Þetta er m.ö.o. stórt dæmi í tölum og krónum. Sá sem þetta ritar man enn það vel eftir unglingsárum sínum að það fer andstyggilegur hrollur um hann að hugsa til þess að þurfa sem unglundur að horfa fram á að eyða sumrinu í ekkert og geta engu eytt. En þetta er ekki bara ömurlegt fyrir unga fólkið. Í stað þess að bera björg í bú og geta þannig allavega staðið undir rekstrinum á sjálfum sér fer sumarátvinnulausa unga

fólkið á framfæri foreldra sinna. Viða eru aðstæður orðnar þannig að foreldrarnir geta lítið sem ekkert stutt unglunga, foreldrarnir eiga miklu meira en nóg með skuldir og daglegan rekstur. Hinar svokölluðu efnalitlu fjölskyldur hafa sprottið upp út um allt eins og útbrot. Þær má finna í fjölbýlishúsum úthverfanna, kjöllurum gömlu hverfanna, raðhúsum, parhúsum og einnig í nýstandsettum einbýlishúsum á eftirsóttum stöðum, sum marandi á kafi í skuldasúpu í hrikleki myntkórðu sem endalaust þarf að ausa fé í.

Það sem kannski er þó alvarlegast við þetta ástand sem blasir við ef ekkert er að gert, er hvað það gerir ungu fólki að hanga í þrjá mánuði án þess að hafa neitt fyrir stafni. Í hinum mjög svo vanmetnu bók Sannleikurinn um Ísland, sem var fyrsta bindið í alfræði Baggalúts, er í kafla um stórfenglegustu töfrabrogð Íslandssögunnar minnst á þegar menntaskólanema tókst að snúa sólarhringnum við um jólin 1984. Hætt er við að mikið verði um töfrabrogð af þessu tagi hjá unga fólkinu á komandi sumri. Sjónvarps- og vídeógláp, slímseta við tölvuleiki, endalaust hangs á msn og Fésinu er það sem margir munu stunda af miklu kappi, ef marka má þá reynslu sem skapast hefur á viðfangsefnum unglunga þegar þeir hafa ekkert fyrir stafni, þökk sé tíðum kennaraverkföllum. Og svo eru þau sem grípa til annarra

MEÐ BORGUN
TEKUR ÞÚ VIÐ
ÖLLUM KORTUM

Borgun er eina fyrirtækið á landinu sem býður heildarlausn í færsluhirðingu. Fyrirtæki sem eru með öll kortaviðskipti hjá Borgun njóta betri kjara og fá betri yfirsýn yfir tekjur með einu uppgjöri fyrir öll kortaviðskipti. Með Borgun tekur þú við öllum kortum.

BORGUN
AÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is



Félagshyggjustjórn - skýrt val kjósenda

ráða til að stytta daginn, leita skjóls í vímuefnum af ýmsu tagi sem allir vita hvert getur leitt. Og ekki má gleyma þeim sem einfaldlega fyllast depurð – jafnvel þunglyndi – við þessar aðstæður og grafa sig niður í myrkrið.

Það er ljóst að eitthvað þarf að gera til að koma í veg fyrir að stór hluti unga fólksins detti úr takti við þjóðlífið á komandi sumri. Nú þarf að hugsa hratt og þora að fara nýjar leiðir. Allir geta komið að þessu verkefni en eðlilegt er að ríki og sveitarfélög taki þarna frumkvæði í samvinnu við samtök atvinnulífsins, og þá á ég bæði við samtök atvinnurekenda og launafólks.

Höfundur er fyrrverandi unglingur.

UMRÆÐAN

Skúli Helgason skrifar um stjórnsmál

Það hefur verið lenska í íslenskum stjórnsmálum að stjórnsmálaflokkarnir gangi óbundnir til kosninga. Það er réttlætt með því að flokkarnir vilji halda öllum möguleikum opnum á stjórnarsamstarfi og vilji ekki veikja samningsstöðu sína fyrirfram með því að útiloka tiltekna kosti. Nýr formaður Framsóknarflokksins hefur þegar tilkynnt opinberlega að hann muni fylgja þessari gömlu aðferð, að vera opin í báða enda. Þeir sem kjósa Framsóknarflokkinn vita því ekki hvort þeir



SKÚLI HELGASON

raunverulega tækið samkvæmt stjórnskipan lýðveldisins sem almenningur hefur til að hafa áhrif á landsstjórnina. Það tæki nær hins vegar bara hálfu leið, ef flokkarnir gefa ekki skýr skilaboð fyrir kosningar um það með hverjum þeir kjósi að starfa í

er að greiða atkvæði með hægri stjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins eða félagshyggjustjórn með Samfylkingunni og VG.

Þingkosningar eru eina raunverulega tækið samkvæmt stjórnskipan lýðveldisins sem almenningur hefur til að hafa áhrif á landsstjórnina. Það tæki nær hins vegar bara hálfu leið, ef flokkarnir gefa ekki skýr skilaboð fyrir kosningar um það með hverjum þeir kjósi að starfa í

ríkisstjórn. Óbundna leiðin grefur því undan lýðræðinu og felur í sér ákveðna lítilsvirðingu gagnvart almenningi. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að Samfylkingin eigi nú að brjóta í blað og lýsa því yfir skýrt og skörinort að við viljum mynda félagshyggjustjórn að loknum kosningum. Stjórnarsamstarfið við VG gengur mjög vel, þar er mikil eindrægni og vilji til að koma mikilvægum aðgerðum í verk sem lúta að velferð heimila og bættu rekstrarumhverfi fyrir tækja.

Á þeim fáu vikum sem stjórnin hefur starfað hefur hún þegar afgreitt 30 mál sem nú eru í meðförum Alþingis og bíða þar afgreiðslu. Ég leyfi mér að halda

því fram að samstarfið fram til þessa hafi farið fram úr björtustu vonum.

Núverandi ríkisstjórn var mynduð á grundvelli mestu lýðræðisvakningar í landinu í áratugi. Virkt lýðræði hefur alla tíð verið rauður þráður í stefnu Samfylkingarinnar og ég tel að skýr yfirlýsing um stjórnarsamstarf sé virðingavottur við kjósendur og gefi þeim skýrt val um félagshyggjustjórn sem hefji hér endurreisn samfélagsins á nýjum gildum jafnaðar, réttlætis og samábyrgðar.

Höfundur er frambjóðandi í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.



BOBBY FISCHER FÆDDIST PENN-
AN DAG ÁRIÐ 1943

„Í skákinni endurspeglast lífið.“

Robert James Fischer varð ellefti heimsmeistari í skák þegar hann mátaði Rússann Boris Spasski í Reykjavík 1972. Bobby fékk pólitískt hæli á Íslandi 2005. Hann lést í Reykjavík 17. janúar 2008, aðeins 64 ára að aldri, en það er sú tala sem er jöfn reitum taflborðsins.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 9. MARS 1964

Framleiðsla hafin á Ford Mustang

Fyrsti Ford Mustang-bíllinn var settur í framleiðslu í Dearborn í Michigan-fylki 9. mars fyrir 45 árum, en bíllinn var frumsýndur almenningi 17. apríl sama ár og var best heppnaða útsölur Ford-verksmiðjanna síðan Model A kom á markað 1927. Nafnið Mustang kom frá stílistanum John Najjar, sem var mikill aðdáandi P-51 Mustang orustuvélanna sem notaðar voru í síðari heimsstyrjöldinni.

Fyrsti Mustanginn var sportleg útgáfa fólksbíls með langri vélarhlíf, stuttum afturluta, tveggja dyra og fjögurra sæta. Útlit hans fékk fljótlega viðurnefnið „folabíll“ (ponycar) og orsakaði mikið kapp hjá keppinautum í Camaro frá GM og Barracuda frá Chrysler. Bíllinn var hannaður af



David Ash og John Oros sem unnu innanhússsamkeppni Ford að áeggjan forstjórans Lee Iacocca, en til að halda niðri kostnaði var undirvagn, fjöðrun og drifbúnaður um margt byggður á fyrirrennrum Ford: Falcon og Fairlane.

Mustang varð stærri og þyngri með hverri árgerð, þar til 1971 að aðdáendur upprunalegs útlits bílsins hvöttu Ford til að snúa aftur til þáverandi hugmyndar. Síðan er Mustang eini upprunalegi folabíllinn sem haldist hefur óbreyttur eftir fjögurra áratuga þróun.

Til gamans má geta að Ford Mustang var notaður í James Bond-myndinni Goldfinger sem frumsýnd var í september 1964.

MERKISATBURÐIR

- 1841 Hæstiréttur Bandaríkjanna dæmir í Amistadmálinu svokallaða að afrískir þrælur sem tóku yfir þrælaskipið Amistad hafi verið ólöglega í haldi og þar með frjálssir samkvæmt bandarískum lögum.
- 1918 Rússneski Bolsevíkaflokkurinn verður að Kommúnistaflokknum.
- 1950 Stofndagur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og fyrstu tónleikar hennar haldnir í Austurbæjarbái.
- 1953 Jósef Stalín jarðsettur í Moskvu.
- 1962 Nasser, forseti Egyptalands, lýsir Gasa sem yfirráðasvæði Palestínu.
- 1963 Bítlarnir hefja sína fyrstu tónleikaferð um Bretland.

AFMÆLI



SÍMON HELGI ÍVARSSON
gítarleikari er 58 ára.



GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON
sagnfræðingur er 64 ára.



KERR SMITH
leikari er 37 ára.



BOW WOW
rapper er 22 ára.



VINÁTTA OG HJÁLPSEMI Helga Guðný Sigurðardóttir er landsforseti Ladies Circle á Íslandi og segir mikla nýliðun í gangi, enda styrkur í slíkum félagskap fyrir konur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LADIES CIRCLE: HÁLFRAR ALDAR GAMALL FÉLAGSSKAPUR UNGRA KVENNA

Konur sem eru konum bestar

„Ladies Circle er alþjóðlegur félagskapur ungra kvenna frá 18 til 45 ára. Þar fer fram tengslanet þar sem konur kynnast hver annarri og víkka út sjóndeildarhringinn með því að uppfærast um umhverfi sitt og menningu, en einnig er rík áhersla á hvers kyns góðgerðamál. Einkunnarorðin eru vinátta og hjálpssemi,“ segir Helga Guðný Sigurðardóttir landsforseti Ladies Circle á Íslandi, en íslensku samtökin eru náteygð alþjóðlegu samtökunum sem í ár halda upp á fimmtíu ára afmæli sitt. „Upprunalega voru það eiginkonur Roundtable-manna sem stofnuðu Ladies Circle fyrir hálfri öld, en í dag eru samtökin algjörlega sjálfstæð,“ segir Helga sem er félagi í Reykjavíkurklúbbum LC3, sem nú heldur upp á fimmtán ára afmæli sitt. „Klúbbarinn eru ellefu á landsvísu með um 200 félaga og mikil nýliðun

í gangi. Konurnar koma alls staðar að, jafnt með enga sem mikla menntun, en eiga sameiginlegan áhuga á að hitta aðrar konur, láta gott af sér leiða, gera eitthvað skemmtilegt saman, og vera viðsýnar, hressar og opnar,“ segir Helga og bætir við: „Þær hrekja hið fornkeðna um að konur séu konum verstar, því konur í Ladies Circle hafa í hávegum að vera konum bestar. Þetta er því enginn saumaklúbður þar sem litlir hópar krunka sig saman, heldur vettvangur þar sem allir eru jafnir og koma á sínum forsendum. Því er sannarlega gott að vera í svona félagskap því það styrkir mann; ekki síst í ástandi eins og nú; að hjálpast að, efla vinabönd og standa saman.“

Að sögn Helgu ná vinaböndin út fyrir landsteina og landamæri, en Ladies Circle er starfrækt í 36 löndum með 13.000 félaga sem hafa samskipti

innbyrðis og allir greiða klúbbarinn árgjald til alheimssamtakanna sem varið er til verðugra góðgerðarmála, ásamt því sem þeir láta gott af sér leiða á heimaslóðum með ýmsum hætti.

„Mikil tilhlökkun er að hittast mánaðarlega á formlegum fundum þar sem kveikt er á kerti vináttunnar. Hver kona fær að tjá sig í þrjár mínútur og það styrkir konur enn meir, að standa upp, kynna sig og tala um sín hjartans mál frammi fyrir hóp,“ segir Helga um vináttuna sem oft nær út fyrir hefðbundnið félagsstarf.

„Vegna góðra tengsla er alltaf leitt að kveðja félagsmann við 45 ára aldur, en nú er í bígerð áframhaldandi félagsstarf sem við köllum Aðalinn. Því verður áfram líf eftir Ladies Circle,“ segir Helga kát og hvetur konur til að gerast félagar með því að fara inn á www.ladies-circle.is.

thordis@frettabladid.is



Hugheilar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug, samúð og stuðning við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, tengdasonar, afa og bróður,

Ingólfs Sigurðssonar
bakameistara, Berjarima 47.

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsslækninga- deildar og heimahlynnningar Landspítalans fyrir frábæra umönnun, aðstoð og hlýju.

Birna Bjarnadóttir
Laufey Sif Ingólfsdóttir
Bjarni Grétar Ingólfsson
Þórunn Erla Sigurjónsdóttir
Gréta Gunnarsdóttir
Kamilla Sif Carlsdóttir
Sigurjón Sigurðsson
Erlingur Sigurðsson
Sigurður Sævar Sigurðsson



Hjartkær bróðir okkar,
Páll Magnússon
frá Bildudal,

sem lést á sjúkrahúsi Patreksfjarðar 1. mars, verður jarðsönginn frá Bildudalskirkju laugardaginn 14. mars og hefst athöfnin kl. 14.

Ingbjörg Magnúsdóttir
Magnús Reynir Magnússon
Svanlaug Magnúsdóttir
Skúli Magnússon



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
Bjargey Fjóra Stefánsdóttir
Norðurbrú 5, Garðabæ,
áður til heimilis að Ásgarði 149, Rvík,

andaðist hinn 5. mars sl. á Landspítala Fossvogi. Útför verður auglýst síðar.

Ágúst Guðmundsson
Robert J. Severson
Margrét Ágústsdóttir
Kristján Ágústsson
Ágúst Björn Ágústsson
Bjarni Ágústsson
og fjölskyldur.

Aðalsteinn Ólafsson
Stefanía Sara Gunnarsdóttir
Þórdís Björg Kristinsdóttir
Þórdís Lára Ingadóttir



Sendum okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, bróður, mágs og afa,
Alberts Leonardssonar
Hjallalundi 18, Akureyri.

Sérstakar þakkir sendum við öllum þeim er komu að umönnun og aðhlyningu hans síðustu ár.

Ásthildur Albertsdóttir
Ásta Albertsdóttir
Karoline Leonardsson
Halldór G. Guðjónsson
Björgvin Leonardsson
Guðrún Lóa Leonardsdóttir
Guðrún Ösp og Andri Már.

Said Hasan
Ólafur Friðfinnsson
Ulla-Brit Guðjónsson
Natashia Jefimova
Birgir Stefánsson




Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Borghildur Guðrún Guðmundsdóttir
frá Harðbak á Sléttu,
Dalbraut 20, Reykjavík,

sem lést á Landspítala Fossvogi sunnudaginn 1. mars, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju á morgun, þriðjudaginn 10. mars, kl. 13.00.

Hildur Jónsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Árni Stefán Jónsson
Jakobína Jónsdóttir
María Hedin Jonsson
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Helga Ingibergsdóttir



GÓÐUR SKEMILL er þarfaping í stofuna. Það getur verið virkilega gott að hvíla lúna fætur á skemlinum fyrir framan sjónvarpið að kvöldi erfiðs vinnudags.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

SIEMENS

Tæki færi

í mars

Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup. Skoðið tilboðin á heimasíðu okkar, www.sminor.is.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Egill er með myndir af systurbörnunum sínum við hliðina á 50 tommunum. Hann segist nota hvert tækifæri til að hitta þau og leika við þau, en nú sjái hann á bak þeim með sökuði þar sem þau eru flutt utan með foreldrum sínum, þar sem faðir þeirra Gunnleifur Gunnleifsson spilar fótbolta með FC Vaduz í Liechtenstein.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meirapróf

ÖKU SKOULLINN Í MJÖDD

Upplýsingar og innritun í síma 5670300

Næsta námskeið byrjar 11. mars 2009

Kynæsandi bál í tækinu

Sum heimilistæki búa yfir meiri töfrum og möguleikum en önnur. Það þekkir Egill Gillz Einarsson einkabjálfari vel, sem nú horfir á kvikmyndir, nýtur arinloga og vafar um netið í fimmtíu tomma listaverki.

„Ég vinn yfirlætt frá sjö að morgni til tíu á kvöldin, og þegar ég kem heim er helvíti fínt að skella grjótharðri mynd í tækið,“ segir Egill Gillz Einarsson einkabjálfari um eftirlættis hlut sinn heima; nýlega keyptan 50 tommu Panasonic plasmaskjá.

„Ég átti áður 42 tommu sjónvarp sem mér þótti of lítið og gaf það félagi mínum Prince, en hann er blökkumaður sem leikur fótbolta með KR og hafði aldrei átt sjónvarpstæki áður, né almennilega séð svoleiðis, enda ættaður frá Afríku,“ grínast Egill með og bætir við að KR-ingar hafi sent sér

þakkarbréf fyrir gjafmildina því Prince hafi áður leiðst á daginn en geti nú stýtt sér stundir við tækið og eigi meira að segja orðið PlayStation-tölvu.

„Svo skottaðist ég niður í Sjónvarpsmiðstöð, sparkaði upp hurðinni og fimmtíu tommaði mig upp, því það er ekki möguleiki að fara í minna eftir að hafa kynnst þessu fyrirbæri. Mér þótti tækið frekar stórt í búðinni en það er ekki fyrr en komið heim í stofu að maður virkilega sér hvað er að fréttu,“ fullyrðir Egill og bætir við að sjónvarpið bindi íbúð hans saman.

„Mér fannst 42 tommann ekki

nógu kynæsandi, enda grá, en þetta er svart og í raun listaverk á sama tíma. Ég er með tölvu tengda við skjáinn og get verið á netinu á 50 tommunni, en í henni er skjáhvíla sem er arineldur og engu líkara en að ég sé búinn að kveikja upp í arninum; svo rómantískt og sexi er það,“ segir Egill sem fer minnst tvisvar í viku í kvikmyndahús, en er einnig með heimabíó í 50 tommunni. „Trúlega gæti ég sprengt rúðurnar úr gluggunum ef ég hækkaði í botn, en þegar ég set The Rock eða Con Air í 50 tommurnar er það betra en bíó.“

thordis@frettabladid.is

Fermingar Boðskort

Verð
10-39 stk. 150kr./stk.
40+ stk. 145kr./stk.

myndval
Þönglabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

SÍÐASTA VIKA LAGERSÖLU 70% AFSLÁTTUR AF ÖLLU

MaxMara HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

MARINA RINALDI
STÆRDIR 42-54

HEIMILI



STOFUR og fjölskylduherbergi er ágætt að inn-
rétta í grænum og fölbláum litum þar sem þeir
hafa róandi áhrif og fá fjölskyldumeðlimi til að
slaka vel á.

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Einn frægasti stóll ver-
aldar er Svanurinn eftir
Arne Jacobsen. Stólinn
hannaði Jacobsen árið
1958 fyrir Royal-hótel-
ið í Kaupmannahöfn,
en í sama verkefni
urðu til Eggjð og
Svanasófinn.



bonluxat.com



Í litlu risherbergi getur spegill fengið rýmið til að virðast meira. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Þröngur gangur breikkar með speglum.

Spegill, spegill...

Lítill herbergi og þröngir gangar geta virkað stærri og
breiðari ef speglum er komið rétt fyrir á veggjunum.

Speglar geta verið sannkallað stofustáss ef þeir eru
fallegir og þeim er komið vel fyrir. Stórir speglar geta
stækkað herbergi og þröngir gangar virka breiðari ef
speglum er komið fyrir á veggjum þeirra. Margir litlir
speglar geta líka myndað skemmtilega heild.

Stórir speglar geta komið sér vel á baðinu og í svefn-
herberginu þar sem heimilisfólk snyrtir sig helst og
klæðir sig. Hins vegar er ekkert sem segir að þeir eigi
ekki vel heima í stofunni, borðstofunni, forstofunni og
jafnvel eldhúsinu líka ef þeir falla vel að heildarmynd-
inni. Það getur líka bara verið ágætt að geta speglað sig
svolítið í öllum herbergjum.

emilia@frettabladid.is



Margir litlir speglar geta komið vel út.

GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidrya- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarmarhurðir • Öryggishurðir



heimili
FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogí Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Sími
530 6500

Opíð mán.-fös. frá kl. 9-17

Finnbogí Hilmarsson og
Bogi Pétursson
löggitlir fasteignasalar



Viltu hafa makaskipti?

Nú er tíminn til makaskipta. Fjöldi aðila vill minnka eða stækka við sig. Óskum þess vegna eftir eignum á skrá, sérstaklega einbýlum, parhúsum og raðhúsum.

Nánari uppl. á skrifstofu.



Reykjavoll - Sveitasæla í borginni!

Glæsilegt 250 fm einbýlishús á einstökum útsýnisstað. Húsið er hið vandaðasta á allan hátt. Hönnun, innréttingar, tæki og allur aðbúnaður eins góður og hugsast getur. Makaskipti



Vatnsendablettur-glæsieign við vatnið.

Stórglæsilegt sérlega vandað einbýli. Allt á allra vandaðast hætt. 6 svefnherb og stofur. Stórbrotið útsýni. Sjón er sögu ríkari. Makaskipti.



Miðtún - Sérhæð.

Vönduð mikið endurnýjuð 133 fm íbúðarhæð. Eignin er hæð og ris í bakhúsi. Skjól-góðu r bakgarður í suður, 3-4 svefnherbergi, og tvær bjartar stofur. V. 36,5 m. Áhv 22 m. hagstæð lán.



Prestbakki - Aukaíbúð.

Gott mikið endurnýjað 211 fm raðhús með innbyggðum bílskúr og aukaíbúðarrými í kjallara. V. 42,0. Makaskipti.



Laugarnesvegur.

Endurnýjað einbýli (bakhús) ásamt bílskúr (innréttaður sem íbúð). Fallegt eldhús, parket og flísar á gólfum. Sólskáli og stórir sólpallar. Verð 34,9 millj.



Dalaping - Lóð.

Höfum til sölu um 780 fm einbýlishúsaloð neðst niður við Elliðavatn á Vatnsenda-bletti. Frábært útsýni og staðsetning. Tilbúnaur teikningar fylgja. Uppitaka möguleg. Nánari uppl. á skrifstofu.



Jónsgeisli.

Endaraðhús á tveim hæðum. Björt stofa með arni. Fjögur stór herbergi. Fallegt útsýni. Innb. bílskúr. Góð staðsetning með útsýni. Skipti á minni eign. Verð 54,5 millj.



Nesvegur - 2ja herb.

Góð 60 fm íbúð nálægt háskólanum. Íbúðin er með séringngangi og í góðu ástandi. Seljandi leitar eftir 4ra - 5 herb íbúð.



Þorlaksgeisli.

Mjög góð 4ra herbergja ásamt stæði í bílageymslu. Parket á gólfum og fallegar innréttingar. Góð staðsetning. ÁTH. Áhv. 23,9 millj. Verð 25,9 millj.



Perlukór - Til sölu eða leigu.

Ný fullbúin og glæsilega 100 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með stæði í bílskúli. Fallegar innréttingar og gólfefni, stórar svalir og mikið útsýni.



Marteinslaug - Leigðu & Eigðu!

Nýjar fullbúna 3ja herbergja íbúðir og stæði í bílageymslu. Möguleiki á eða 90% láni.



Leifsgata - 4ra herb.

Góð 100 fm íbúð á efstu hæð í 3ja íbúða stigagangi. Þrjú svefnherbergi, nýtt eldhús og björt og opin stofa. V. 24,9 m. Áhv. 13,3 m.



Rimahverfi

- Góð 2ja herbergja 61 fm íbúð á jarðhæð með 30 fm afgirtri verönd. Gott verð og hagstæðir greiðsluskilmálar.

HEIMILI FASTEIGNASALA • SKIPHOLT 29A • SÍMI: 530 6500 • www.heimili.is



Markaðurinn alla daga

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

Þarft þú að **STÆKKA** eða **MINNKA** við þig? ...nú eða bara selja beint!

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Einar Guðmundsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa þrjú öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmunum þína að leiðarljósi.



fasteignir

9. MARS 2009

Ertu í húsnæðis hugleiðingum?

Eru breytingar í vændum?
Þarftu hentugra húsnæði?
Vantar stærra húsnæði?

Sími sölumanna er 535 1000



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala íbúðarhúsnæðis • Lágmuði 7 • 108 Rvk.



Gott útsýni er úr gluggum hússins og af palli.

Arinn hjarta heimilisins

Heimili fasteignasala er með til sölu 252 fermetra einbýlishús á útsýnisstað við Reykjarhvol í Mosfellsbæ.

Komið er inn í flísalagða forstofu. Tvöföld hurð með frönskum glerrömmum opnast inn í alrými hússins. Eldhús er með JKE innréttingum og granítborðplötum, stór tvöfaldur ísskápur með klakavél fylgir ásamt uppþvottavél. Gaseldavél með fimm brennurum er í eyju. Rúmgóð opin borðstofa er á milli

eldhúss og stofu. Á milli stofu og borðstofu er fallegur arinn sem opnast í báðar áttir, glerhurðir eru fyrir eldstæðinu en eru opnanlegar beggja megin. Til vinstri við inngang er sjónvarpsherbergi þar sem allar lagnir fyrir sjónvarp og heimabíó eru í veggjum.

Hjónaherbergi er stórt með útgangi út á pall, sérbaðherbergi með sturtu. Fataherbergi með rennihurð og sandblásnu gleri er inni af hjónaherbergi. Herbergi eru tvö, annað með skápum Stórt baðherbergi er hægra megin við inngang og með stórru sturtu,

nuddbaðkari, eikarinnréttingum og hitastýritækjum í sturtu og baðkari. Stór postulínshandlaug sérstæð á granítborðplötu, baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf. Þvottaherbergi er flísalagt með góðum innréttingum þar sem þvottavél og þurrkari eru í vinnuhæð.

Bílskúr er tvöfaldur með rafmagnsopnurum og flísalagður með gólfhita. Mikill sólpallur er við húsið með heitum rafmagnspotti með nuddi. Fiskatjörn með litlum fossi er við húsið og er pallurinn byggður umhverfis hana.



BÚMENN AUGLÝSA ÍBÚÐIR

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Klettháls 1
110 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

Búseturéttur á markaðsverði

Þjóðbraut 1, Akranesi

Til sölu er búseturéttur í 3-4 herbergja íbúð ásamt stæði í bílakjallara. Íbúðin er á fjórðu hæð í átta hæða lyftuhúsi.

Ásett verð er 4.2 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 130.000.- Í mánaðargjöldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.

Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að þanta tíma á skrifstofu Búmannna í síðasta lagi 16. mars n.k. Tilboðsfrestur er til 23. mars n.k. Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.

Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.

Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1 í síma 552-5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á neffangið bumenn@bumenn.is



Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lántíma

Önnur þjónusta á ils.is:

- Bráðabirgðamat
- Reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Ýmsar þjónustubeiðni

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsúmsókn

Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla



EIGNAMIDLUN

Reykjavík



Sverrir Kristinnsson
löggr. fasteignasali

Frá 1957

Elsta starfandi fasteignasala landins



Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

Skrifstofuhúsnæði óskast

Traustur aðili óskar eftir 1000 - 2000 fm skrifstofuhúsnæði til kaups eða leigu. Æskileg staðsetning: Austurborgin. Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinnsson löggitur fasteignasali í síma 861-8514 eða Hilmar Þór Hafsteinsson löggitur leigumíðlari í síma 824-9098.

Einbýlishús í Vesturbæ eða Þingholtunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-350 fm einbýlishúsi í vesturborginni eða þingholtunum. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinnsson löggitur fasteignasali í síma 861-8514

Hæð í Vesturbænum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir, 5-6 herbergja 140 - 180 fm hæð, í Vesturbænum. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinnsson löggitur fasteignasali í síma 861-8514

Ánaland - stórt einb. í Fossvogi



Glæsilegt 248,6 fm einbýli á tveimur hæðum auk ca 140 fm óskráðs kjallara, samtals ca. 388 fm. Húsið stendur neðarlega í Fossvoginum á stórrí lóð til suðurs. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Kjallarinn er með góðri lofthæð og litlum gluggum og býður hann upp á mikla möguleika en er í dag nýttur sem geymslurými. Garðurinn er skjólgóður með verönd og heitum potti. V. 110,0 m. 4581

Prastarnes - Vel staðsett



Vandað nýlegt einbýlishús á Arnarnesi. Húsið er 364 fm og getur nýst sem tveggja íbúðar hús eða stórt einbýli. Fallegt útsýni er af efri hæðum hússins og ástand og viðhald með besta móti. Húsið skiptist þannig: Anddyri, snyrting vinnuherbergi, bakanddyri, sjónvarpsstofa, borðstofa, elshús, efri stofa, sólstofa og hjónaherbergi, baðherbergin og fataherbergi innaf. Á neðri hæð eru geymsla, gufubað, tvöherbergi og sér tveggja herbergja íbúð V. 105 m. 4575

Klettás - Garðabæ



Nýkomið í sölu fallegt 188 fm radhús með glæsilegu útsýni. Húsið skiptist í fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, eldhús, stofur stígalhol, anddyri og tvöfaldan bílskúr. Vandaðar innréttingar og eikarparket. Stórar svalir. Björt og falleg eign. Möguleg eignaskipti á íbúð/um. V. 57 m. 4583

Lynghagi - tvær íbúðir



Vel staðsett tveggja íbúðar einbýli við Lynghaga í Reykjavík. Um er að ræða 141,5 fm sérhæð, hæð og ris og 52,2 fm kjallaraíbúð. Heildarstærð er 213 fm. Við húsið er nýbúið að byggja sérstæðan bílskúr. Húsið er steinsteypt og byggt árið 1955. V. 59,9 m. 4563

Brautarland 3 1.h.parh.



Fallegt og mikið endurnýjað parhús, á einni hæð neðarlega í Fossvogsdalnum, ásamt bílskúr. Sér bílastæði eru við húsið. Húsið skiptist í forstofu, snyrtingu, hol, eldhús, þvottahús/geymslu með sér inngang, samliggjandi stofu og borðstofu, sólskála, baðherbergi og fimm svefnherbergi. Góður bílskúr. EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-18:00. V. 62,0 m. 4560

Hulduland 42 pallar



Mjög gott 189 fm pallaraðhús í Fossvoginum. Húsið sjálft er 167 fm og bílskúrinn er um 19 fm. Eignin er í góðu ástandi. Stutt er í skóla, leikskóla og helstu gönguleiðir. EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-18:00. V. 49,0 m. 4533

Eskihlíð 22a 3.h.v.



4ra herbergja björt og góð endaíbúð í húsi sem nýlega hefur verið standsett. Íbúðin skiptist í rúmgott hol, stofu, 3 rúmgóð herbergi, eldhús og bað. Í kjallara fylgir geymsla auk samþvottahúss þar sem hver er með sína vél, hjólageymslu o.fl. Baðherbergi hefur nýlega verið endurnýjað. Áhvílandi lán frá ÍLS upp á 17,7 millj.

með 4,7% vöxtum getur fylgt með. EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-18:00. V. 24,5 m. 4554

Hörðaland 6 - 93,8 fm íbúð í Fossvogi.



Upprunalegar eikarinnréttingar frá 1968 teiknaðar af Vilhjálmí Hjalmarssyni arkitekt. Útsýni yfir Fossvoginn. Eignin skiptist í hol, stofu, borðstofu, eldhús, tvö herbergi og baðherbergi. Sér geymsla í kjallara og sameiginlegt þvottahús. Stórar suður svalir. EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 16:00-18:00. V. 22,9 m. 4344

Eldri borgarar



Sléttuvegur - Þjónustuíbúð Glæsileg 2ja herb íbúð með bílskúr á 4. hæð í eftirsóttu lyftuhúsi. Íbúðin skiptist þannig: stofa, sólstofu, herbergi, eldhús, baðherbergi, geymsla og hol. Frábært útsýni. Laus strax. V. 24,9 m. 7462

Einbýli



Þórgata - lítið og fallegt hús Fallegt einbýlishús í miðbæ Reykjavíkur. Húsið er skráð 79,3 fm og hefur verið töluvert endurnýjað. Húsið er á þremur hæðum og skiptist í anddyri, stofu, og eldhús á miðhæð. Á rishæð er opið rými. Á jarðhæð er svefnherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi.



Tjarnarbraut 7 - Hafnarfirði Eitt af þessum glæsilegu og virðulegu einbýlishúsum í Hafnarfirði. Húsið stendur á frábærum stað við lækinn. Húsið er tvær hæðir, ris og kjallari, samtals um ca 258 fm. Skipulag hússins er gott. Húsið er reisulegt og með fallegum gluggum. Fallegur garður með hellulagði verönd. Glæsileg eign á frábærum stað. Möguleg skipti á minni eign V. 74,0 m. 4463

Hæðir



Ásbúðartröð - 130 fm hæð Vönduð og björt 130 fm efri hæð ásamt risi. Á hæðinni eru stofur, 3 herb., eldhús og bað en í risi eru 1-2 herb., þvh, geymslur o.fl. Glæsilegt útsýni. Nýl. hellulag upphitad plan. Íbúðin er nýlega standsett. V. 28,9 m. 4498



Sigtún - falleg eign Glæsileg 120,3 fm 5 herbergja sérhæð í fjögurra íbúða húsi, ásamt 30,6 fm fúllbúnum bílskúr með rafmagni, hita og vatni. Samtals heildarstærð eignarinnar er 150,9 fm. V. 36,9 m. 4349

4ra-6 herbergja



Seilugrandi - gott útsýni Falleg 100,2 fm 4ra herbergja íbúð ásamt 23,5 fm geymslu og 30 fm stæði í bílageymslu. Innangengt er úr bílageymslu inn í húsið. Frábært sjávarútsýni. Gengið er inn í íbúðina af svalagangi. V. 28,0 m. 4584

4ra-6 herbergja



Fornhagi - í góðu standi Góð 99 fm 4ra herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er í einstaklega góðu upprunalegu ástandi. Hentar vel þeim sem vilja halda í gamla stílinn. V. 23,9 m. 4585



Nönnugata - sjarmerandi íbúð Einstaklega falleg og sjarmerandi 4ra herbergja 107,2 fm íbúð á tveimur hæðum með glæsilegu útsýni og þrennum svölum. Á neðri hæðinni er forstofa, eldhús og tvær samliggjandi stofur og svölum til suðvesturs. Á efri hæðinni er hol, tvö svefnherbergi, vinnuherbergi og baðherbergi og tvennar svalir. V. 33,5 m. 4518



Reykás - einstakt útsýni Góð fjögurra herbergja 124 fm íbúð með einstaklega fallegu útsýni yfir Rauðavatn. Húsið er vel við haldið og er til sölu eða leigu. V. 24,0 m. 4523



Spóahólar m. bílsk. samt. 149,2 fm 5 herb. björt 127,9 fm endaíbúð ásamt 21,3 fm bílskúr í vel staðsettu húsi. Fallegt útsýni. Barnvænt umhverfi. Sérþvottah. Stórar stofur. V. 27,9 m. 4493



Vesturberg - engin útborgun Einstaklega falleg og öll endurnýjuð 78 fm þriggja herbergja íbúð á 1.hæð með stórrí sólarverönd með skjólveggjum. Íbúðin skiptist í forstofu-gang, baðherbergi, hjónaherbergi, eldhús með borðkrók, barnaherbergi og stofu. MÖGULEIKI Á 100% FJÁRMÖGNUN. V. 17,9 m. 4509



Blöndubakki Falleg 3 herbergja íbúð með aukaherbergi í kjallara við Blöndubakka í Reykjavík. Eignin skiptist í hol, eldhús, stofu, tvö herbergi, búr, baðherbergi og þvottaherbergi. Aukaherbergi er í kjallara með aðgangi að sameiginlegri snyrtingu. V. 22,9 m. 4352



Snorrabraut - falleg íbúð Rúmgóð 2ja herbergja 66 fm íbúð á þriðju og efstu hæð við Snorrabraut. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, herbergi, baðherbergi og stofu. Sameignin er sérstaklega snyrtileg og vel umgengin. V. 15,7 m. 4551


2ja herbergja



Hraunbær - fin íbúð Mjög góð 2ja herbergja 59,2 fm íbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist hol, baðherbergi, eldhús, svefnherbergi og rúmgóða stofu. Góðar vestur svalir eru á íbúðinni. V. 14,3 m. 4558



Grandavegur - sjávarútsýni 2ja herbergja mjög falleg og rúmgóð 73,5 fm íbúð á eftirsóttum stað í þessu vinsæla lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í hol, svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, sér þvottahús og stóra stofu. Beykiparket er á öllum gólfum nema baðherbergi og þvottahúsi. Baðherbergi er nýlega endurnýjað. V. 18,9 m. 4522



Víkurás - Laus strax - Gott verð Tveggja herbergja 57 fm íbúð í Árbæ ásamt stæði í bílageymslu skráð samtals 78,6 fm. Íbúð sem verið var að gera upp og vantar lokafrágang. Eignin skiptist í eldhús, baðherbergi, svefnherbergi, stofu, geymslu og sameiginlegt þvottahús. Lyklar á skrifstofu. V. 14,5 m. 4512



Berjavellir - glæsileg 3ja herb. glæsileg íbúð í einu vandaðasta fjölbýlishúsi á Völlum. Sérsmíðaðar innréttingar eru í íbúðinni með svörtum steinvinnuborðum, parketi og flisum á gólfum. Stórar svalir. Stæði í bílageymslu V. 23,9 m. 4497



Gnoðarvogur Mjög snyrtileg 2ja herbergja 62,4 fm íbúð á 3. hæð í mikið endurnýjuðu fjölbýli miðsvæðis í Reykjavík þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. Íbúðin skiptist í hol, svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla er í kjallara og sameiginlegt þvottahús. V. 14,9 m. 4574



Vantar íbúðir til leigu Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur allar gerðir íbúðar húsnæðis til leigu. 4114

Hörðaland 2 svefnherbergi, 2 stofur. Laust strax Verð: 120.000

Síðumúli - skrifstofuhæð Um það bil 400 fm á 3. hæð. 8 skrifstofur, fundarherbergi, kaffistofa, snyrtingar. 4379

Skúlagata - heil hæð Glæsileg fúllbúin ca 460 fm skrifstofuhæð á 3ju hæð í lyftuhúsi. Verð: 1200-1350 pr fm. 4458

Hraunbær - 1. hæð Ca 100 fm. 3 svefnherbergi. Mikið endurnýjuð. Verð: 140 þús. 4377

Borgartún 1.585 fm skrifstofuhúsnæði. Hægt að leigja í minni einingum. Leiguverð 1300-1400 pr. fm. 4379

Skúlatún 2 skrifstofurými á 3ju og 4 hæð sem eru hvort um sig 170 fm. Leiguverð 1400-1500 pr. fm. 4377

Síðumúli - endurnýjað 372 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, hægt að leigja í þremur hlutum. Leiguverð 1400-1450 pr. fm. 4419

Skípholt - lyfta 338 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð - lyfta. Leiguverð 1500 pr. fm eða tilboð. 4407





FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4

UWE SCHWENKER Hefur verið borinn þungum sökum undanfarna viku. Hér er hann með Alfreð Gíslasyni, núverandi þjálfara Kiel.

sjálfur fengið þetta staðfest á fundi með Schwenker á meðan HM í Króatíu stóð yfir. Til stóð að

Serdarusic myndi taka við þjálfun Rhein-Neckar Löwen en það var dregið til baka skömmu áður en þetta mál kom upp.

„Hvað okkur varðar er ekkert nýtt í þessu máli,“ sagði Schwenker í samtali við þýska fjölmiðla. „Þetta eru enn og aftur bara sögusagnir sem er verið að bera á borð.“

Rainer Witte, forseti samtaka þýsku úrvalsdeildarinnar, tekur í svipaðan streng og segir ekkert nýtt í þessu máli hafa komið fram í fréttatvöngum Der Spiegel.

„Við komumst að þeirri niðurstöðu að engin sönnunargögn væri að finna. Því munum við ekki taka frekari skref í þessu máli.“

- esá



TIL HAMINGJU!

VINNINGSHAFAR SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2009



Samfélagsverðlaunin - Ásgarður handverkstæði

Ásgarður er verndaður vinnustaður fyrir fólk með þroskahömlun. Í Ásgarði er lögð áhersla á að þroska hinn manneskjulega þátt vinnunnar. Framleiðsla verkstæðisins er löguð að getu hvers og eins og starfsmönnum er hjálpað við að ná valdi á hugmyndum og kennt að vinna með nauðsynleg verkfæri. Fagleg markmið Ásgarðs eiga rætur í uppeldiskenningum Rudolfs Steiner en í þeim felst meðal annars að ekki er litið á fötun sem vandamál heldur möguleika.



Til atlögu gegn fordómum - Rauði krossinn á Akranesi

Í september síðastliðnum komu átta palestínskar flóttakonur til Akraness ásamt 21 barni sínu og settust þar að. Hitann og þungann af verkefnum bar flóttamannanefnd félagsmálaráðuneytisins, Akranesbær og Rauði krossins á Akranesi. Einkar vel hefur tekist til við að tengja hinar nýfluttu konur við ýmsa hópa samfélagsins á Akranesi, þar á meðal nemendur við Fjölbrotaskólann. Einnig hafa konurnar tekið þátt í ýmsum verkefnum á vegum Rauða krossins. Niðurstaðan er sú að aðlögun fjölskyldnanna hefur gengið vonum framár.



Frá kynslóð til kynslóðar - Norðlingaskóli

Í Norðlingaskóla hefur verið bryddað upp á ýmsum nýjungum í skólastarfi. Lögð er áhersla á líðan barna í skólanum og þar eru allir velkomnir og engum ofaukið. Unnið er samkvæmt einstaklingsáætlun og tekið mið af áhugasviði og sterkum hliðum nemendanna. Mikið er lagt upp úr foreldrasamstarfi og er skólaboðunardagur á haustin dæmi um það. Þann dag heimsækja kennarar, nemendur og foreldra þeirra. Áhersla er lögð á útivist og nýttist útikennslustofan í Björnslundi vel til þeirrar kennslu.



Hvunnagshetjan - Bergdís Jónsdóttir

Bergdís er snyrtifræðingur í eigin rekstri. Einn dag í viku lokar hún stofunni og mætir á Dagsetur Hjálpræðishersins þar sem hún þvær og snyrtir fætur heimilislausra fastagesta staðarins. Þjónusta hennar er ómetanleg þeim sem hana þiggja.



Heiðursverðlaun - Jóhanna Kristjónsdóttir

Jóhanna hefur um árabil kynnt menningu Mið-Austurlanda á Íslandi og með því lagt mikið af mörkum til að draga úr fordómum. Á sama tíma hefur hún staðið fyrir hjálparstarfi í Jemen sem meðal annars felst í því að gefa fátækum börnum kost á menntun sem þau annars ættu ekki möguleika á. Þannig hefur Jóhanna látið gott af sér leiða bæði hér heima og í Jemen.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

ÍR - Grindavík 89-98
FSu - Stjarnan 72-78
 Stig FSu: Vésteinn Sveinsson 19, Árni Ragnarsson 15, Tyler Dunaway 15, Christopher Caird 15, Sævar Sigmondsson 7, Hilmar Guðjónsson 1.
 Stig Stjörnunnar: Justin Shouse 25, Jovan Zdravovski 15, Kjartan Atli Kjartansson 12, Ólafur Sigurðsson 12, Fannar Freyr Helgason 8, Guðjón Lárusson 4, Birkir Guðlaugsson 2.

Breiðablik - Tindastól 84-81
 Stig Breiðabliks: Nemanja Sovic 35, Daniel Guðmundsson 12, Rúnar Erlingsson 11, Emil Jóhannsson 9, Þorsteinn Gunnlaugsson 5, Kristján Sigurðsson 4, Birkir Heimisson 3, Hjalti Vilhjálmsson 4.

Stig Tindastóls: Svavar Atli Birgisson 25, Ísak Sigurjón Einarsson 20, Friðrik Hreinsson 14, Helgi Rafn Viggósson 12, Helgi Freyr Margeirsson 5, Óli Barðdal Reynisson 4.

Keflavík - Skallagrímur 123-77
 Stig Keflavíkur: Gunnar Einarsson 31, Hörður Axel Vilhjálmsson 28, Elvar Sigurjónsson 12, Almar Stefán Guðbrandsson 10, Vilhjálmur Steinarsson 9, Sverrir Þór Sverrisson 9, Sigurður Þorsteinsson 8, Elentínus Margeirsson 7, Guðmundur Gunnarsson 4, Alfreð Elfsson 3, Axel Margeirsson 2.
 Stig Skallagríms: Igor Beljanski 24, Landon Quick 19, Sveinn Arnar Davíðsson 13, Sigurður Þórarinnsson 8, Björgvin Ríkharðsson 7, Birgir Þór Sverrisson 2, Trausti Eiríksson 2, Arnar Hrafn Snorrason 2.

Snæfell - Njarðvík 96-80
 Stig Snæfells: Ingvaldur Magni Hafsteinsson 23, Lucious Wagner 18, Slobodan Subasic 14, Jón Ólafur Jónsson 12, Hlynur Bæringsson 10, Atli Rafn Hreinsson 10, Daniel Kazmi 7, Gunnlaugur Smáráson 2.

Stig Njarðvíkur: Fuad Memcic 20, Heath Sitton 19, Logi Gunnarsson 14, Friðrik Stefánsson 11, Magnús Þór Gunnarsson 9, Elias Kristjánsson 5, Hjörtur Hrafn Einarsson 2.

KR - Þór 108-94
 Stig KR: Jón Arnór Stefánsson 22, Jakob Örn Sigurðarson 18, Jason Dourisseau 16, Darri Hilmarsson 13, Fannar Ólafsson 11, Helgi Már Magnússon 8, Baldur Ólafsson 8, Brynjar Þór Björnsson 4, Gguðmundur Magnússon 3, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Skarphéðinn Freyr Ingason 2.

Stig Þórs: Daniel Bandy 21, Konrad Tota 17, Guðmundur Jónsson 15, Jón Orri Kristjánsson 14, Óðinn Ásgeirsson 12, Hrafn Jóhannesson 6, Baldur Helgi Oddsson 5, Baldur Ingi Jónasson 4.

LOKASTADAN

KR	22	21	1	2158-1666	42
Grindavík	22	19	3	2166-1777	38
Snæfell	22	15	7	1827-1630	30
Keflavík	22	14	8	1929-1692	28
Njarðvík	22	12	10	1841-1889	24
Stjarnan	22	10	12	1861-1893	20
ÍR	22	10	12	1825-1835	20
Breiðablik	22	9	13	1709-1955	18
Tindastól	22	7	15	1796-1915	14
FSu	22	7	15	1782-1834	14

Þór, Ak.	22	6	16	1877-1984	12
Skallagrímur	22	2	20	1404-2105	4

Enska bikarkeppnin

Coventry - Chelsea 0-2
 0-1 Didier Drogba (15.), 0-2 Alex (73.)
Fulham - Manchester United 0-4
 0-1 Carlos Tevez (20.), 0-2 Tevez (35.), 0-3 Wayne Rooney (50.), 0-4 Ji-Sung Park (81.)
Everton - Middlesbrough 2-1
 0-1 David Wheeler (44.), 1-1 Marouane Fellaini (50.), 2-1 Louis Saha (57.)
Arsenal - Burnley 3-0
 1-0 Carlos Vela (25.), 2-0 Eduardo (51.), 3-0 Emmanuel Eboué (84.)

Enska úrvalsdeildin

Sunderland - Tottenham 1-1
 1-0 K. Richardson (3.), 1-1 R. Keane (89.).

Spænska úrvalsdeildin

Barcelona - Athletic Bilbao 2-0
 1-0 Sergi Busquets (17.), 2-0 Lionel Messi (32.).
 Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem vara- maður á 82. mínútu.
Real Madrid - Atlético Madrid 1-1
 0-1 Diego Forland (38.), 1-1 K.-J. Huntelaar (57.)
 Villarreal - Espanyol 1-0
 Deportivo - Racing 5-3
 Mallorca - Beits 3-3
 Numancia - Valencia 2-1
 Osasuna - Sporting Gijón 1-2
 Recreativo - Valladolid 2-3
 Sevilla - Almería 2-1

Meistaradeild Evrópu

Ciudad Real - Kiel 35-33
 Ólafur Stefánsson lék ekki með Ciudad Real.
FCK - Portland San Antonio 28-27
 Guðlaugur Arnarsson tryggði sigur FCK í blálokum með sínu eina marki í leiknum. Arnór Atlason lék ekki með FCK.
GOG - Barcelona 29-35
 Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði fjögur mörk fyrir GOG en Snorri Steinn Guðjónsson eitt.
Rhein-Neckar Löwen - Chambery 40-25
 Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sjö mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen.

Lengjubikar karla

Fjölnir - KA	4-1
Afturelding - Þór	2-3
Grindavík - ÍR	3-2
Njarðvík - KR	1-1
ÍA - Þróttur	0-1

Nýliðar Breiðabliks tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni með 84-81 sigri á Tindastól:

Förum ekki í úrslitakeppnina til að horfa á KR

KÖRFUBOLTI Breiðablik tryggði sér í gær síðasta sætið í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla með sigri á Tindastól, 84-81. Blikar mæta deildarmeisturum KR í fyrstu umferð úrslitakeppinnar.

Tindastólmenn höfðu frumkvæðið frá fyrstu mínútu leiksins. Þeir voru alltaf skrefinu á undan heimamönnum og höfðu átta stiga forskot í hálfleik, 48-40.

Blikarnir loksins við sér í lok þriðja leikhluða og komust þá fyrst yfir í síðari hálfleiknum. „Það var dálitill KR-bragur á þessu hjá okkur, því fyrri hálfleikur og sá síðari voru eins og svart og hvítt,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Breiðabliks.

Lokamínúta leiksins var æsileg þar sem liðin skiptust á að taka forystuna. Það kom í hlut Rúnars Erlingssonar að klára leikinn á

vítalínunni þegar fjórar sekúndur voru eftir af leiknum þegar hann kom Blikum einu stigi yfir og það var svo maður leiksins, Nemanja Vidic, sem skoraði síðustu stigin af vítalínunni.

Spurður hvort það hefði ekki verið sírt að tapa svona spennuleik, svaraði Kristinn Friðriksson, þjálfari Tindastóls: „Nei, ég hef tapað leikjum eftir jól sem voru súrari en þetta. Við tókum ákveðinn séns og reyndum að ná fram- lengingu, því við hefðum alveg getað unnið þennan leik,“ og vísaði í þá staðreynd að Stólararnir þurftu að vinna leikinn með minnst fimm stigum.

„Ég get ekki sagt að það séu vonbrigði að hafa ekki náð í úrslitakeppnina af því við erum ekki að spila á þeirri getu að við eigum það skilið. Vonbrigðin komu í janúar og

febrúar en núna er ég bara jákvæður og sáttur við að hafa ekki fallið,“ sagði Kristinn.

Einar Árni þjálfara list vel á verkefni gegn KR. „Okkur var spáð langneðsta sæti í þessari deild og markmiðin fyrir veturinn voru fyrst og fremst að halda okkur uppi. Við getum verið stoltir af sjálfum okkur og förum í úrslitakeppnina til að hafa gaman af þessu,“ sagði Einar Árni.

„KR er með flotta leikmenn, þjálfara og stuðningsmenn og þetta verður gaman fyrir strákana. Þeir hafa fæstir reynslu af því að spila í úrslitakeppni og það eina sem ég fer fram á er að þeir fari ekki í þessa leiki til að horfa á KR,“ sagði Einar, en útlit er fyrir að þar verði Blikar án bæði Halldórs Halldórssonar og Þorsteins Gunnlaugssonar sem báðir eru meiddir. -bb



MAÐUR LEIKSINS Nemanja Sovic fór mikinn í liði Blika í gær eins og svo oft áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KR-ingar sendu Þórsara í 1. deildina

KR hélt upp á deildarmeistararitill sinn í gær með sigri á Þór frá Akureyri, 108-94. Þórsarar þurftu á sigri að halda í leiknum til að eiga möguleika á að halda sæti sínu í efstu deild en féllu að lokum í 1. deildina.

KÖRFUBOLTI KR tók á móti deildarmeistarabikar sínum í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi og héldu leikmenn upp á það með því að vinna Þór frá Akureyri, 108-94, er lokaumferð deildarinnar fór fram í gærkvöldi. Þar með var ljóst að Þór féll í 1. deildina með Skallagrími. Liðið hefði getað jafnað bæði Tindastól og FSu að stigum í gær og hefði það þýtt að FSu hefði fallið í 1. deildina.

Selfyssingum tókst þó að halda sæti sínu á sínu fyrsta ári í efstu deild karla þó svo að liðið hefði tapað fyrir Stjörnunni á heimavelli í gær.

„Við förum í þennan leik til að vinna hann,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari Þórs, eftir leikinn. „Við vorum vissir um að tvö stig myndu nægja okkur og lögðum því allt í sölnar. Við vorum yfir mestallan fyrri hálfleikinn en þegar liða fór á leikinn græddu þeir á því að geta notað fleiri líkama í leiknum. En ég held að þetta hafi samt verið nokkuð erfiður leikur fyrir KR,“ sagði Hrafn.

Þórsarar urðu fyrir mikilli blóðtöku þegar þeir misstu Cedric Isom í meiðsli en Hrafn sagði það ekki hafa haft úrslitaáhrif á gengi liðsins.

„Þetta hefur vissulega verið eins og hrakfallasaga síðustu mánuðina en það breytir því ekki að við fengum fullt af möguleikum til að bjarga okkur. Okkur er langhollast að líta á þá leiki og hugsa um hvað við hefðum getað gert betur.“

Það var mikil spenna sem ríkti á morgnum vígstöðvum í lokaumferðinni í gær. Tindastóll átti möguleika á sæti í úrslitakeppninni en tapaði fyrir Blikum sem héldu sér þar með í áttunda sæti deildarinnar og þar með inni í úrslitakeppninni.



FÖGNUMUR KR-ingar fagna hér deildarmeistararitilinum í leiklok. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Grindavík varð í öðru sæti deildarinnar, fjórum stigum á eftir KR. Grindavík tapaði aðeins þremur leikjum í vetur en var eina liðið til þess að bera sigurorð af deildarmeisturum KR í deildinni.

Snæfellingar héldu áfram glæsilegu gengi sínu í deildinni með sigri á Njarðvík í gær. Snæfellingar töpuðu reyndar í síðustu umferð fyrir Stjörnunni en höfðu þá unnið fimm leiki í röð. Alls hefur Snæfell unnið ellefu af síðustu þrettán leikjum sínum í deildinni. Hins vegar mætir Snæfell

liði Stjörnunnar í fyrstu umferð úrslitakeppinnar og gæti það því orðið athyglisverð rimma.

Hið sama má segja um vidureign Keflavíkur og Njarðvíkur. Keflavíkingar tryggðu sér fjórða sæti deildarinnar með öruggum sigri á Skallagrími í gær, 123-77, á sama tíma og Njarðvík tapaði sínum leik. Keflavík verður því með heimavallarréttinn gegn grannliði sínu.

Njarðvíkingar unnu hins vegar báðar innbyrðisviðureignir sínar við Keflavík í deildinni í vetur. eirikur@frettabladid.is

Baldur Sigurðsson gerði þriggja ára samning við KR í gær:

KR nánast með fullmótað lið

FÓTBOLTI Baldur Sigurðsson skrifaði í gærkvöldi undir þriggja ára samning við KR en hann lék síðast með Bryne í Noregi. Það er reyndar með fyrirvara sem Baldur semur við KR þar sem hann ætlar að æfa til reynslu með Ljungskile í Svþjóð á næstunni.

„Hann ætlar að æfa með liðinu og skoða aðstæður þar en ef hann spilar á Íslandi næsta sumar verður það með KR,“ sagði Rúnar Kristinnsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR, í samtali við Fréttablaðið.

Baldur fór til Bryne frá Keflavík í lok ágúst sumarið 2007 en hann á alls að baki 49 leiki í efstu deild. Í þeim hefur hann skorað nú mörk.

Hjá KR hittir hann fyrir gamla féлага sinn frá Keflavíkurmíðjunni, Jónas Guðna Sævarsson.

„Þeir voru góðir saman í Keflavík og eru væntanlega sáttir við að fá að spila aftur

saman í KR. Við erum auðvitað hrikalega ánægðir með þetta enda vitum við allt um hans gæði. Við höfum lengi haft augastað á Baldri,“ sagði Rúnar. „Þetta er einnig kærkomið fyrir okkur þar sem við höfum misst marga byrjunarliðsleikmenn frá síðasta tímabili. Ég myndi segja að við séum með nánast fullmótað lið. Það var alla vega stórt þúsl í þúslspilið að fá Baldur.“ -esá

SAMDI VIÐ KR
 Baldur Sigurðsson leikur með KR ef hann verður á Íslandi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meistaradeildin í handbolta:

Stórsigur Rhein-Neckar Löwen

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson og félagar í Rhein-Neckar Löwen gerðu sér lítið fyrir og unnu fimmtán marka stórsigur á franska liðinu Chambery í lokaumferð milliriðlakeppni Meistaradeildar Evrópu, 40-25. RN Löwen þurftu að vinna minnst þriggja marka sigur til að ná öðru sætinu í riðlinum en gerði gott betur og tók toppsætið með stórsigri sínum. Guðjón Valur skoraði sjö mörk í leiknum.

Þrjú lið fengu átta stig í riðlinum en Chambery komst ekki áfram vegna markahlutfalls.

Dregið verður í fjórðungsúrslit keppinnar í Vín á morgun. Fjögur Íslendingalið, RN Löwen, Ciudad Real, Flensburg og Kiel verða þá í hattinum. -esá



BIKARINN Á LOFT Fannar Ólafsson með sigurlaun KR-inga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Í BARÁTTUNNI Aron Einar berst um boltann við Didier Droghba, leikmann Chelsea. NORDIC PHOTOS / GETTY IMAGES

Þrír leikir í fjórðungsúrslitum ensku bikarkeppninnar:

Chelsea og United ekki í vandræðum

FÓTBOLTI Þrír leikir fóru fram í fjórðungsúrslitum ensku bikarkeppninnar um helgina. Stórliðin Chelsea og Manchester United áttu í litlum vandræðum með andstæðingum sína og þá vann Everton 2-1 sigur á Middlesbrough.

Í gær var svo dregið í undanúrslitin. Manchester United mætti Everton og Chelsea sigurvegarum úr leik Arsenal og Hull. Undanúrslitaleikirnir fara báðir fram á Wembley-leikvanginum.

Chelsea vann 2-0 sigur á Aroni Einari Gunnarssyni og félagum í Coventry með mörkum Didiers Droghba og Alex.

Fyrir í vikunni hafði mikið verið rætt um handtöku Ashley Cole, leikmanns Chelsea, sem lék samt sem áður með í leiknum.

„Það var eitt mál sem við þurftum að takast á við fyrir leikinn en það stjórnaði ekki allri umræðunni hjá Chelsea,“ sagði Guus Hiddink, knattspyrnustjóri Chelsea, eftir leikinn. Hann haldi Droghba mjög fyrir frammistöðu sína.

„Hann hefur lagt mikið á sig strax frá fyrsta degi þegar ég kom til félagsins. Ég vil ekki fella neinn dóm um hvernig hann var fyrir þann tíma. En hann hefur verið á aukæfingum og það er nú að borga sig.“

Manchester United vann 4-0 sigur á Fulham á útivelli og eins og úrslitin gefa til kynna var sigurinn næsta öruggur. Hins vegar meiddist Rio Ferdinand í leiknum og er hann tæpur fyrir viðureign United gegn Inter í Meistaradeildinni í vikunni.

„Ég hef smá áhyggjur af Rio,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United. „Hann meiddist á ökkla en ég vona að hann geti spilað með á miðvikudaginn þar sem hann er okkur afar mikilvægur.“

Í gær fór svo þriðji leikurinn fram þegar Everton mætti Middlesbrough á heimavelli. Gestirnir komust yfir með marki Davids Wheeler en Everton skoraði tvívegis á sex mínútna kafla í síðari hálfleik. Fyrst Marouane Fallini og svo varamaðurinn Louis Saha en öll þrjú mörkin voru skorud með skalla.

„Fyrri hálfleikurinn var einn sá slakasti á öllu tímabilinu,“ sagði Phil Neville, fyrirlíði Everton, eftir leik. „Við þurftum að hafa mikið fyrir þessu en ef eitthvert lið á það skilið að vera komið í undanúrslitin er það Everton. Við höfum mætt mörgum sterkum liðum til þessa. Við viljum vinna bikara og nú er kominn tími til að stíga fram og vera alvöru karlmenn.“

- esá



JÓHANNES KARL Hér í baráttu við William Gallas, leikmann Arsenal. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Arsenal komst í fjórðungsúrslitin í bikarnum:

Arsenal minnti á sig

FÓTBOLTI Bæði Íslendingaliðin sem eftir voru í ensku bikarkeppninni féllu úr leik um helgina. Fyrst Coventry sem tapaði fyrir Chelsea og svo varð Burnley að játa sig sigrað gegn Arsenal í gær, 3-0.

Jóhannes Karl Guðjónsson spilaði fyrstu 59 mínúturnar í leiknum en átti lítið erindi í kröftuga leikmenn Arsenal, ekki frekar en aðrir leikmenn Burnley. Öll þrjú mörkin voru glæsileg en þá sér í lagi markið sem hinn króatíski Eduardo skoraði.

Hann fékk þá sendinguna inn í

teig og stýrði boltanum viðstöðulaust í markið með hælnum. Eduardo meiddist illa á ökkla fyrir rúmu ári en endurkoma hans hefur komið meira að segja Arsene Wenger, stjóra Arsenal, á óvart.

„Ég hef aldrei séð hann gera neitt þessu líkt áður. Þetta er honum greinilega eðlislægt. Ég átti ekki von á því að hann kæmi svona sterkur aftur til leiks. Það segir sitt um hans karakter enda hefur hann aldrei kvartað – ekki einu sinni,“ sagði Wenger.

- esá

Töfrar Andalúsíu

26. apríl - 3. maí



Sevilla • Cordoba • Granada • Torremolinos

Glæsileg sérferð – mikið innifalið!

Andalúsía er eitt fallegasta og frægasta hérað Spánar. Allt frá hrikalegum fjallvegum með stórkostlegu útsýni yfir í gróskumikil héruð til sögufrægra kastala sem minna á þann tíma er Márar ríktu á Spáni. Flogið er til Jerez og gisti í Sevilla í 3 nætur. Miðborg Sevilla er einstaklega fögur með göngugötum, fallegum lágreistum húsum, gosbrunnnum, torgum, kaffihúsum og litríku mannlífi. Á fjórða degi er ekið til hinnar sögufrægu borgar Córdoba. Kynniserferð um miðborgina. Hádegisverður áður en haldið er til Granada þar sem dvalið er í 3 nætur. Granada er einkum þekkt fyrir hina stórkostlegu Alhambra höll með stórum sem smáum solum, súlnagöngum, trjágöngum og skrautgördum. Í lok ferðar er dvalið í 1 nótt á góðu hóteli í miðbæ Torremolinos. Flogið til Íslands frá Malaga.

- á mann í tvíbýli.
Kr. 189.900

Verð er netverð á mann.
Aukagjald fyrir einbýli kr. 29.500.

Ferðatilhögun: Flug til Jerez/og frá Malaga • Sevilla 3 nætur • Granada 3 nætur • Torremolinos 1 nótt. Innifalið: Flug, skattar, gisting á 4* hótolum í 7 nætur, morgunverður, 5 kvöldverðir, 1 hádegisverður, kynnisferðir um Sevilla, Cordoba og Granada. Aðgangur að Alhambra höllinni. Akstur og íslensk fararstjórn.
EKKI innifalið: Valfjárar kynnisferðir, aðgangseyrir að söfnum og annað sem ekki er tilgreint að ofan. Staðfestingargjald er kr. 50.000. Lágmarksþáttaka er 20 manns.



Veldu traustan ferðafélaga í sumar!



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Fiskikóngurinn

GLÆNÝ LÍNUÝSA úr Jökuldýpi

SJÓSIGINN FISKUR að vestan

GLÆNÝ ÞORSKFLÖK frá Breiðafirði

ÓBARINN STEINBÍTUR frá Ísafirði

GLÆNÝR RAUÐMAGI Frá Húsavík

NÝ STEIKTAR FISKIBOLLUR að hætti kóngsins

Að sjálfsgöðu er nýbakað rúgbrauð ásamt gómsætum fiskréttum að hætti Fiskikóngsins :)

Fiskikóngurinn er...

Fiskverslun sem gaman er að koma í :)

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

> Billy Bob Thornton

„Ég er ekki hræddur við að fljúga, ég er hræddur um að hrapa.“ Thornton fer með aðalhlutverkið í myndinni *Bad News Bears* sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG FJÖLRÁSASJÓNVARPIÐ

Heimildarmyndir hvetja fólk til góðra verka

Flestir sem hafa áhuga á því að horfa á sjónvarp yfirleitt hafa á einum tíma eða öðrum lagst í fjarstýringarflakk. Inn á mörg heimili landsins var tekinn góðærispakki sjónvarpsstöðva, með úrvali efnis langt utan þess sem heilbrigður einstaklingur kemur nokkurn tímann til með að nýta sér. Gera má ráð fyrir að margir, flestir ef þá ekki allir Íslendingar, komi til með að endurskoða hvort úrval sjónvarpsstöðva er peninganna virði á næstu mánuðum. Ég hef ekki enn tekið þessa ákvörðun; að sætta mig við 2-4 stöðvar.

Ástæðan er sú að ég er orðinn fíkill á heimildarmyndaframboðið sem fjölrásasjónvarpið býður upp á. Innlendu sjónvarpsstöðvarnar sinna þessu sjónvarps-efni ekki eins og skyldi, þó góðar heimildarmyndir séu vissulega reglulega til sýninga. Þjóðfélagsmæðan og efnahagsástandið er þess valdandi að ég sækir mjög gjarnan í þætti sem segja frá hörmungum hvers konar. Framboðið er gríðarlegt og þar finn ég vissa ró. Sönn morðmál, flugslysmyndir, eldsvoðar og bílslys eru í

uppáhaldi. Mannrán hafa komið sterk inn á síðustu vikum og einnig kynþáttafordómar og glæpir þeim tengdir. Þetta má kannski skoðast í því ljósi að ég er sjúklega flughræddur og mér líður illa í bíl. Ég deili eldhæðslu með öllu mannkyni og hef verið kýldur fyrir að vera rauðhærður. Hins vegar hefur mér aldrei verið rænt og á ekkert frekar von á því að það gerist á næstunni.

En er þetta dæmi um það hvernig Íslendingur nútímans tekst á við persónulegan vanda? Gerir það heima í stofu með poppskál á útblánum kvíðnum? Kannski ég ætti að selja sjónvarpið mitt og nota aurinn til að fara á fallhlífarstökknaðsmáskeið? Eða ganga alla leið og elta slökkviliðsmenn inn í brennandi hús eða biðja rallökumann um að taka mig undir sinn vendarvæng. Ég gæti líka rakað af mér hárið og drepið innflytjanda!

Nei, kannski er ágætt að sjónvarpið heldur okkur dofnum heima í stofu í þessu árferði?



MÁNUDAGUR



► **20.50 Atvinnumennirnir okkar STÖÐ 2 SPORT**




► **21.10 Osbournes STÖÐ 2 EXTRA**



► **21.15 Sporlaust SJÓNVARPIÐ**



► **21.50 CSI SKJÁREINN**



► **22.55 The Lost Room STÖÐ 2**

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leidarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Hanna Montana (24:26)
- 17.53 Herramenn (42:52)
- 18.03 Sammi (15:52)
- 18.10 Millý og Mollý (1:26)
- 18.25 Fréttaukinn Þáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elinar Hirst. Leitast er við að varpa ljósi á og skýra málefni liðandi stundar bæði innanlands og erlendis og einnig verður farið í myndasafn Sjónvarpsins og gömul fréttamál rífuð upp og sett í nútímalegt samhengi. (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Villta Kína (Wild China: Hjarta dregans)(1:6) Breskur heimildamyndaflokkur um náttúru og dýralíf í Kína.
- 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (22:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V) Bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. (e)
- 23.05 Spaugstofan (e)
- 23.30 Bráðavaktin (ER) (9:19) (e)

BÍÓ

- 08.00 Tenacious D.
- 10.00 Jimmy Neutron. Boy Genius
- 12.00 Séraphin. un homme et son Péc
- 14.05 Tenacious D.
- 16.00 Jimmy Neutron: Boy Genius
- 18.00 Séraphin: un homme et son...
- 20.05 Bad News Bears Gamanmynd þar sem Billy Bob Thornton leikur fyrrverandi atvinnumann í hafnabolta sem er fenginn til að þjálfa skólalið sem er að falla úr deildinni.
- 22.00 Crank
- 00.00 The Badge
- 02.00 16 Blocks
- 04.00 Crank
- 06.00 In Good Company

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Dyrkur smáeðla, Dóddi litli og Eymastór, Könnuðurinn Dóra og Krakkarnir í næsta húsi.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (268:300)
- 10.15 Sisters (1:28)
- 11.05 Ghost Whisperer (48:62)
- 11.50 Men in Trees (14:19)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Hollyoaks (141:260)
- 13.25 Keeping Up With the Steins
- 14.55 ET Weekend
- 15.40 Galdrastelpurnar
- 16.05 A.T.O.M.
- 16.30 Íkornastrákurinn
- 16.53 Dóddi litli og Eymastór
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 Friends (21:24) Þar sem aðeins fjórar vikur eru í brúðkaup Monicu og Chandlers ákveða þau að drífa í því að færa tilfinningar sínar í orð en komast að raun um að það er erfiðara en þau grunaði að skrifa hjúskaparheitin.
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.35 The Simpsons (22:22) Í þessum lokapætti þáttaraðarinnar förum við á bak við tjöldin og rifjum upp skin og skúr í lífi þess- arar vinsælu, bandarísku fjölskyldu.
- 20.00 American Idol (16:40)
- 21.25 American Idol (17:40)
- 22.10 American Idol (18:40)
- 22.55 The Lost Room (5:6) Dularfull spennuþáttaröð í anda Stephens King sem sífellt tekur óvænta stefnu. Joe Miller er lögreglumáður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykil sem opnar honum allar dyr sem þó alltaf ganga að einu og sama mótélherberginu þar sem dulmagnaðir atburðir eiga sér stað. Með aðalhlutverk fara Peter Krause, Julianna Margulies og Kevin Pollack.
- 23.40 Te doy mis ojos (Take My Eyes)
- 01.25 House of the Dead
- 04.25 Ghost Whisperer (48:62)
- 05.10 The Simpsons (22:22)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Everton - Middlesbrough Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
- 16.10 Arsenal - Burnley Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
- 20.50 Atvinnumennirnir okkar Pétur Jóhann Sigfússon.
- 21.30 Ensku bikarmörkin 2009 Sýnt frá öllum leikjum umferðarinnar í enska bikar- um og öll helstu tilþrífir skoðuð.
- 22.00 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.
- 22.30 Þýski handboltinn: Markapáttur Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltinn. Handknattleik- ur á heimsmeilkvörða.
- 23.00 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni var mótið haldið á Lucas Oil leikvanginum í Indianapolis.
- 23.55 UFC Unleashed Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
- 00.40 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilar- ar í heiminum.

SPORT 2

enski boltinn

- 17.15 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlífum.
- 17.45 Ensku mörkin Allir leikir umferð- arinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.
- 18.45 PL Classic Matches Manchester Utd - Wimbledon, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnegustu leikjum úrvals- deildarinnar.
- 19.15 Sunderland - Tottenham Útsend- ing frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Ensku mörkin
- 22.00 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markapætti.
- 22.30 Man. City - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Spjallið með Sólva (2:6) (e)
- 09.45 Vörutorg
- 10.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.55 Vörutorg
- 17.55 Rachael Ray Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 18.40 Game Tívi (4:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jónsson fjalla um allt það nýj- asta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
- 19.20 Psych (1:16) Bandarísk gamanþátta- röð um ungan mann með einstaka athyglis- gáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókun sakamála. (e)
- 20.10 One Tree Hill (6:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súr og sætt. Lucas fer í ferðalag til að kynna bókina sína og er kunnuglegt andlit með í för.
- 21.00 Heroes (12:26) Bandarísk þáttaröð um stórf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Morð á móður og barni er talið tengjast öðru morðmáli fyrir 12 árum og Grísson endurnýjar kynnin við fjöldamorð- ingiann Natalie Davis.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 Californication (4:12) (e)
- 00.05 Vörutorg
- 01.05 Óstöðvandi tónlist

INN

- 20.00 Mér finnst Umsjón: Bergljót Davíðsdóttir, Katrín Bessadóttir og Lára Ómarsdóttir.
- 21.00 Leið til léttara lífs Umsjón: Guð- jón Sigmundson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson.
- 21.30 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kol- brún Baldursdóttir sálfræðingur.
- 22.00 Skýjum ofar Dagbjartur Einarsson og Snorri Jónsson eru umsjónarmenn.
- 22.30 Í prófkjöri Dögg Pálsdóttir

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Alicante

Flugsæti
Verð frá 39.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar

fyrir flug fram og til baka, með flugvallarsköttum – allar brottfarir í sumar.

Beint flug með Icelandair í allt sumar til Alicante, Mallorca og Tyrklands.



Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í ferðaklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

American Idol

Leitin af áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna er í fullum gangi í vinsælasta skemmtiþætti veraldar. Pau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi hafa nú fækkað milljónum umsækjanda niður í þá 36 bestu. Í kvöld sjáum við síðasta 12 manna hópinn af þremur en aðeins þrjú keppendur úr hverjum hóp komast í gegnum þennan niðurskurð. Örlög keppenda eru í höndum bandarísku þjóðarinnar. Meðal keppenda í kvöld eru hinn skemmtilegi Von Smith, blindi undrastrákurinn Scott MacIntyre og hin magnaða Lil Rounds.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Villt Kína

Sjónvarpið kl. 20.20

Í þessum breska myndaflokki verður skoðað stórkostlegt landslag Kína, fáséð dýr og lítrikt fólk. Í fyrsta þættinum í kvöld verður meðal annars fylgst með bændum sem beita bufflum fyrir plóga við bakka á þar sem dvergkrókóðilar halda sig. Þá koma einnig við sögu tamdir skarfar sem veiða fisk fyrir húsbændur sína.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin	15.03 Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
06.50 Bæn	15.30 Lostafulli listræninginn
07.03 Auðlindin	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
08.11 Morgunstund með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.50 Dánarfregnir
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Stefnumót	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Kvika
12.00 Fréttayfirlit	21.10 Lárétt eða lóðrétt
12.02 Hádegisútvarp	22.07 Veðurfregnir
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Lestur Passíusálma
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	22.18 Ársól
13.00 Vít og breitt	23.08 Á tónsviðinu
14.03 Bak við stjómurnar	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (140:260)

16.30 Hollyoaks (141:260)

17.00 Seinfeld (4:22)

17.25 E.R. (2:22)

18.10 Osbournes (4:10)

18.30 20 Good Years (12:13)

19.00 Hollyoaks (140:260)

19.30 Hollyoaks (141:260)

20.00 Seinfeld (4:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álika duttlungafullir og hann sjálfur.

20.25 E.R. (2:22) Þættir sem gerast á brádamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og lækarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

▶ 21.10 Osbournes (4:10) Eins og flestum er kunnugt hefur mikið gengið á í lífi Osbourne-fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar.

21.30 20 Good Years (12:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólífuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta.

22.00 Cold Case (10:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjálakassann.

22.45 Damages (2:13)

23.30 Mad Men (12:13)

00.15 Sjáðu

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.45 Coupling 13.15 The Weakest Link 14.00 EastEnders 14.30 Coupling 15.00 The Black Adder 15.30 The Weakest Link 16.15 Jonathan Creek 17.05 Dalziel and Pascoe 17.55 EastEnders 18.25 The Weakest Link 19.10 Coupling 19.40 The Black Adder 20.10 The Inspector Lynley Mysteries 21.00 The State Within 21.50 The Black Adder 22.20 Coupling 22.50 The State Within 23.40 Jonathan Creek 00.30 Dalziel and Pascoe

DR 1

12.20 Reimers 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Family Guy 15.30 Bracetace 15.50 Daffy møder Conrad 16.00 Troldspejlet 16.15 Robotboy 16.30 Den travle by 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Gör det selv 19.00 Helt vilde læger 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Sanne Salomonsen - Hel igen 21.30 Kriminalkommissær Foyle 23.10 OBS

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Berlin, Berlin 12.30 Viten om 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 En Noman i Pakistan 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjertet 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Vennene på Solfløkken 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Si ja, bli min 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Livet i Fagervik 21.20 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Inspektør Lynley 23.45 Nytt på nytt 00.15

SVT 1

13.25 Melodifestivalen 2009 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 På liv och död 16.25 Där ingen skulle tro att någon kunde bo 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturmysterierna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 183 dagar 20.00 Packat & klart 20.30 Öga mot öga 21.00 Fräls oss ifrån ondo 22.40 Kulturmysterierna 22.55 Skavlan 23.55 Nip/Tuck 00.40 Sändningar från SVT24



Iðnnám ... nema hvað?

Iðnnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. Iðnnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á www.idan.is/nam-og-storf – þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.



Samtök iðnaðarins

HVAD SEGIR MAMMA?



„Ég er rosalega stolt af þessu öllu saman. Þetta fór allt svo leynt í byrjun, þangað til að allt í einu var komin diskur. Ég vissi alltaf að það yrði eitt-hvað úr honum og grunadi að hann ætti eftir að ná langt því hann er svo hugmyndaríkur og skemmtilegur.“

Helga Ægisdóttir, móðir Sindra Más Sigfússonar tónlistarmanns sem fær góða dóma í Bandaríkjunum fyrir plötu sína Clangour.

Þrír ættliðir í hlutverki Malvólíó

„Þetta er feikilega skemmtilegt. Það var eins og þetta ætti bara að gerast,“ segir leikarinn Arnar Jónsson. Hann fer með hlutverk brytans Malvólíó í leikriti Shakespeares, Prettándakvöldi, sem verður frumsýnt 13. mars í Þjóðleikhúsinu á vegum Nemendaleikhússins. Hið skondna er að bæði faðir hans, Jón Kristinsson, og sonurinn Þorleifur Örn hafa áður leikið þetta sama hlutverk. Þar með hafa þrír ættliðir í fjölskyldunni leikið þetta hlutverk með tilkomu Arnars.

Faðir hans Jón, sem er 93 ára, lék Malvólíó árið 1964 hjá Leikfélagi Akureyrar. Á sama tíma var Arnar á seinna ári sínu í Þjóðleikhússkólunum og náði því ekki að sjá hann í hlutverkinu. Þorleifur Örn fór síðan

með sama hlutverk þegar hann var í leiklistarskólanum.

Þetta verður jafnframt í fyrsta sinn sem Arnar leikur í Shakespeare-leikriti á íslensku sviði. „Það segir kannski dálítið um íslenskt leikhús því það eru nú kannski ekkert voðalega margir sem hafa vald á þessu tungumáli,“ segir hann.

Leikstjóri er Argentínamaðurinn Rafael Bianciotto sem setti upp Hinn guðdómlega gleðileik Dante í Borgarleikhúsinu í fyrra við góðar undirtektir. Með önnur hlutverk í Prettándakvöldi, auk Nemendaleikhússins, fara Eggert Þorleifsson, Guðrún Gísladóttir og Ragnheiður Steindórsdóttir. „Við vissum ekkert í hvaða hlutverkum við værum. Hann var að gera alls konar til-

raunir til að byrja með en svo endaði þetta bara svona,“ segir Arnar um nálgun Rafaels á verkinu.

Barnabarn hans, Arnar Jósefsson, stígur nú sín fyrstu skref í leiklistinni í nýjustu mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Mamma Gógó. „Mér finnst það bara flott. Þetta er hið besta mál,“ segir afinn um enn einn ættliðinn sem leggur leiklistina fyrir sig. Hvort hann verður sá fjórði í fjölskyldunni til að spreyta sig á hlutverki Malvólíós á eftir að koma í ljós.

ARNAR JÓNSSON Leikarinn Arnar Jónsson leikur brytann Malvólíó í Prettándakvöldi Shakespeares, en faðir hans og sonur hafa báðir leikið það hlutverk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. bátur, 6. frá, 8. dvelja, 9. pili, 11. númer, 12. skran, 14. veldis, 16. verslun, 17. bókstafur, 18. for, 20. í röð, 21. málmur.

LÓÐRÉTT

1. lengdareining, 3. mun, 4. taka í sinn hóp, 5. samstæða, 7. sviptur veruleikaskyni, 10. mánuður, 13. gerast, 15. skömm, 16. hryggur, 19. kyrrð.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. yard, 3. ku, 4. innflima, 5. par, 7. firttur, 10. mál, 13. ske, 15. smán, 16. bak, 19. ró.

LÁRÉTT: 2. skíp, 6. af, 8. una, 9. tím, 11. nr, 12. drasl, 14. ríkis, 16. bt, 17. emm, 18. aur, 20. að, 21. króm.



HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR: TIL ÚGANDA MEÐ BARNABÖRNUNUM

SÍÐASTA ÆVINTÝRAFERÐIN

Leikkonan Herdís Þorvaldsdóttir er á leiðinni til Úganda í lok mars ásamt dótturdóttur sinni Sylgju Dögg Sigurjónsdóttur og fjölskyldu hennar.

Hún segir að þetta ferðalag til „perlu Afríku“ verði síðasta ævintýraferðin sín og hlakkar mikið til. „Ég get ekki annað en notað tækifærið þegar ég kemst með svona öruggum og góðum hópi því maður fer ekki mikið einn,“ segir Herdís, sem er 85 ára. „Það verður óskaplega gaman að fara með þeim og gaman að öll fjölskyldan skuli hittast.“

Fyrir í Úganda eru Harpa Fönn, systir Sylgju Daggar, og eiginmaður hennar Vignir A. Guðmundsson, sem sinna þar þróunarstarfi á vegum belgískrar hjálparstofnunar. „Hún er að æfa leikrit með krökkunum og vill endilega að ég komi á æfingar,“ segir Herdís og ljóst að reynsla hennar úr leiklistinni á eftir að koma að góðum notum á framandi slóðum.

Hún mun dvelja í tíu daga í Úganda en Sylgja og fjölskylda verða þar lengur og ætla sér að freista gæfunnar í nýju landi. Benedikt, bróðir Sylgju og Hörpu, sem fer einnig út, verður ömmu sinni síðan til halds og trausts á heimleiðinni.

Þetta verður ekki í fyrsta sinn sem Herdís kemur til Afríku því hún hefur áður ferðast til Egyptalands og Suður-Afríku þar sem hún skemmti sér óskaplega vel. Hún hefur alla tíð borið hlýhug til Afríkubúa og meðal annars lagt peninga í hjálparstarf í Úganda. Þegar út er komið ætlar hún einmitt, fyrir tilstuðlan Hörpu, að hitta munaðarlausu stúlku á unglingsaldri og aðstoða hana við að komast til mennta.

Sylgja hlakkar mikið til fararinnar eins og amma hennar og verður væntanlega glatt á hjalla þegar stórfjölskyldan hittist í



Í FAÐMI FJÖLSKYLDUNNAR Herdís Þorvaldsdóttir ásamt barnabörnunum. Þau eru á leiðinni til Úganda í lok mars í mikla ævintýraferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úganda. „Hana hefur alltaf langað að fara og skoða þróunarstarfið. Ég hef verið í þróunarstarfi sjálf og þess vegna varð þetta land fyrir

valinu. Við ætlum að skoða þarna skóla sem við byggðum og ýmislegt fleira,“ segir Sylgja.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið sagði á laugardag frá deilu þeirra Ástu Kristjánsdóttur í E-label og Svövu Johansen í 17. Ásta sakar Svövu um að leggja stein í götu E-label með því



ad koma í veg fyrir að vörur þess séu framleiddar í ákveðinni verksmiðju sem framleitt hefur fyrir 17 um árabíl. Svava sakar einn eiganda E-label aftur á móti um að hafa nýtt sér trúnaðarupplýsingar frá því hann starfaði hjá henni.



Mál þetta hefur vakið mikla athygli á Facebook og á síðu E-label lýsa margir stuðningi við fyrirtækið. Meðal þeirra eru Ása Ottesen í Gyllta kettinum, Bára Hólmgeirsdóttir fatahönnuður og Inga Sólveig Friðjónsdóttir, fyrrum eigandi Organ. Þá segir forðunarmeisterinn Sóley Ástudóttir þetta: „Svava er þekkt fyrir að kaf-færa ungt og efnilegt fólk með drauma og áhuga fyrir tísku... Hún er einsog lítil frek stelpa í bleikum kjól með kórónu sem vill allt í nammibúðinni og gefur engum með sér.“ Þessi deila snertir greinilega við fólk.

-hdm



VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Perla.
- 2 Raul Rodrigues.
- 3 Guðbjörg Gunnarsdóttir.

Kunnuglegt merki nýs flokks

Nei, sko, hugsunin á bak við merkið er að þetta á að vera skáhallt B og svo erum við líka að vitna í appelsínugulu slaufuna sem við bárum öll í mótmælunum þegar við mótmæltum ofbeldi gegn lögreglunni – vildum ekki láta það bitna á lögreglunni þegar mótmælin stóðu sem hæst,“ segir Herbert Sveinbjörnsson kvikmyndagerðarmaður og formaður Borgarahreyfingarinnar.

Stefán Pálsson sagnfræðingur vakti á því athygli, á síðu sinni, að merki Borgarahreyfingarinnar væri sláandi líkt merki SNP – flokks skoskra sjálfstæðissinna. Stefán segir þetta fínt merki og lætur það fylgja sögunni að hann hafi einmitt lengi verið hrifinn af merki SNP.



MERKI BORGARAFLOKKSINS



MERKI SNP

Herbert segir að menn hafi legið yfir merkinu en þeir sem hönnuðu eru Guðmundur Þór og Ísak. „Þeir unnu þetta í sameiningu og er almenn ánægja með merkið,“ segir Herbert og lætur það ekki slá sig út af laginu þó merkið sverji sig í ætt við það skoska. „Ekkert er nýtt undir sólinni.“ Borgarahreyfingin er nú að hefja sitt starf og verður að fram til kosninga. Herbert segir að þetta verði erfiður slagur, til dæmis í ljósi nýrrar Gallupkönnunar þar sem fjórflokkurinn virðist algerlega rígfastur í sessi. „En mér fannst nú athyglisverðast að þar eru tæplega fjórutíu prósent óákveðin.“

-jbg



HERBERT OG INGIBJÖRG ELLÝ Segir merkið vísa til B-és á ská og appelsínugulu slaufunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.


ALLIR FISKRETTIR

aðeins 990 kr kg

GLÆSILEGASTA FISKBOÐ LANDSINS

tilboðið gildir aðeins í dag

Veljum íslenskt



opið

mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Tal

ALLUR PAKKINN frá 3.990 kr.

Mánaðargjöld fyrir net, heimasíma og einn gsm.



HEIMASÍMI



NET



GSM

LÆKKAÐU SÍMREIKNINGINN

Hringdu í 1817, komdu við í verslunum okkar eða farðu inná www.tal.is og lækkaðu reikninginn strax.

Ofan á mánaðargjöld bætist 390 kr. tryggingagjald á þráðlausum búnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

ATVINNUUPPBYGGING
ER FORGANGSMÁL

4
SÆTI

GRÉTA INGÞÓRSDÓTTIR
www.profkjor.is/greta
Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Rvk.



BAKÞANKAR
Pórhildar Elínar
Elínardóttur

Jöfnuður og réttlæti

Á köldu haustkvöldi í fyrndinni féll ég á einni svipstundu kylliflöt fyrir kennaranum mínum, síðhærdum gaur með hornspangauglaugu. Framvindan var mjög í anda rauðu ástarsagnanna þar sem heimurinn stóð kyrr, ástríðufull hjórtun slógu í takt og hvorugt þurfti að tala. Hið síðastnefnda átti kannski ekki alveg við, því reyndar kviknaði ástarbríminn á ræðunámskeiði í menntó. Hann var hinn óstjórnlega heillandi leiðbeinandi en ég andaktugur nemandinn sem hefði vaðið eld og brennistein án umhugsunar, bæði á hápunkti dramatískra tilþrifa efri unglingsára.

PREMUR börnum og nokkrum raunveruleikaprófum síðar er ég oftast enn á þeirri skoðun að þetta októberkvöld fyrir næstum aldarfjórðungi hafi verið ágætlega skipulagt. Einhvers staðar á leiðinni gekkst félagi minn við augljósri köllun sinni, sneri sér að stjórnárum og enginn varð hissa. Ég man reyndar eftir því í fyrsta prófkjöri að hafa óað við öllu atinu og dáist raunar enn að þeim eldmóði sem fær svo marga til að snúa tilverunni á hvolf í þeim tilgangi að koma sjónarmiðum sínum að. Því prófkjör eru svolítið eins og akkorðsvinna í fiski: Mikið fjör, en myndin af endlausum karfaflökunum límist innan á augnlokin.

UM þessar mundir hafa óteljandi frambjóðendur verið á sólarhringsvaktinni vikum saman við að úthuga aðferðir til að ná árangri á listum fyrir komandi þingkosningar. Í kringum hvern og einn er stórfjölskyldan og fjöldi vina á kreiki við aðstoðarstörf. Í okkar tilfelli breyttist heimilið áður en við var litið í kosningaskrifstofu. Allar útréttar hendur eru virkjaðar linnulaust við alls kyns undirbúning svo jafnvel sex ára dóttirin hefur náð mikilli leikni við að líma frímerki með glæsibrag á meðan sú þriggja ára eflir okkur til dáða með hvatningsöng: Áfram Ísland! (klapp, klapp, klapp) Áfram Ísland!

EFTIR miklar skoðanir einatt við eldhúsbordid var einmitt viðeigandi að með áslætti búsáhalda væri loks tekið mark á vilja þjóðar til breytinga. En stefnur ráðast ekki síður af fólki en flokkum og það er ekkert einkamál hverjir veljast í sætin. Hugsjónir um jöfnuð og réttlæti eiga hljómgrunn sem aldrei fyrr og þessa dagana leggjum við grunn að því sem koma skal í vor.




GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 9. mars,
68. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.07	13.38	19.11
Akureyri	7.54	13.23	18.53

Heimild: Almanak Háskólans

London • Berlín • París

Þrjár með öllu!



Gatwick!

Frá og með 1. maí flytjum við okkur yfir á Gatwick flugvöll í London

Heitustu heimsborgir Evrópu

Heimsborgirnar London, Berlín og París eiga ekki bara sameiginlegt að vera áfangastaðir Iceland Express, heldur bjóða þessar dásamlegu borgir upp á allt sem hugurinn gírnist, hvert sem áhugamál þitt er. Bókaðu ljúffenga heimsborgarferð á www.icelandexpress.is

Iceland Express

með ánægju

